

2. tölublað, 14. árgangur. Desember 2018

FRÍMÚRARINN



Fréttblað Frímúrarareglunnar á Íslandi

Stúkufundur í námum Salómons konungs



pípu

lakk

Allt frá hatti oní skó



Hattar



Treflar



Kjólskyrtur



Hátíðavesti (5 hnappa)



**Kjölföt
69.500**



Karaffla með 2 glösum

Gjafavara - Gjafavara - Gjafavara



Lakkskór (ný tegund)



Erma- og brjósthappa



Ermahnappar



Smeygur



Ermahnappar



Lindaklemma/
bindisnæla

FRÍMÚRARINN

Útgefandi

Frímúrarareglan á Íslandi
Skúlagötu 53-55,
Pósthólf 5151, 125 Reykjavík

Netfang

ritstjori@frimur.is

YAR

Kristján Jóhannsson (R&K)

Ritstjóri

Steingrímur S. Ólafsson (X)
steingrimur.saevarr@gmail.com

Ritstjórn

Guðbrandur Magnússon (X)
gudbrandur.magnusson@gmail.com

Páll Júlíusson (X)
pj@pj.is

Ólafur G. Sigurðsson (IX)
olafurs@granthornton.is

Pórhallur Birgir Jóseppson (IX)
thorjose@simnet.is

Bragi V. Bergmann (VIII)
bragi@fremri.is

Pétur S. Jónsson (VII)
pedro@medialux.com

Pór Jónsson (VII)
thor12@ru.is

Arnar Pór Jónsson (VII)
Arnar.Thor.Jonsson@domstolar.is

Prentun:

Litlaprent ehf., Kópavogi

Efni greina í blaðinu eru skoðanir höfunda og þurfa ekki að vera í samræmi við skoðanir Reglunnar.

Höfundar efnis framselja birtingarrétt efnisins til útgefanda. Ritstjórn áskilur sér rétt til að ritstýra aðsendu efni.

„Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal.“

Miskunnsemi

Ein af meginbyggðum, sem frímúrarar eru hvattir til að iðka, er miskunnsemin. Miskunnsemin kemur frá hjartanu og á að vera sterkasti strengurinn í mannlegum samskiptum. Í bræðralagi frímúrarara á hjarta okkar að opnast í umhyggju fyrir náunganum.

Frímúrarareglan er ekki góðgerðarfélag í venjulegum skilningi. Samt sem áður er góðgerðarstarf mikilvægur og óaðskiljanlegur þáttur starfsins. Frímúrarar telja það eina af fremstu skyldum sínum að rétta náunga sínum hjálparhönd. Þar koma við sögu bræður, ekkjur þeirra og fjölskyldur sem aðstoð þurfa. En jafnframt styðja bræðurnir verðug líknar- og menn-ingarmál í samfélaginu.

Á vegum Reglunnar eru starfandi tveir sjóðir sem sinna stærstum hluta þessa starfs. Annars vegar er Styrktarsjóður Frímúrarareglunnar og hins vegar Frímúrararsjóðurinn.

Styrktarsjóðurinn fær tekjur sínar af frjálsum framlögum bræðra á hverjum fundi, auk árlegra vaxtatekna og Frímúrararsjóðurinn fær sínar tekjur af hluta árgjalds bræðranna og frjálsum framlögum, auk vaxtatekna.

Styrktarsjóðurinn beinir stuðningi sínum inn á við, til bræðra sem þurfa aðstoð, ekkna þeirra og fjölskyldna. Frímúrararsjóðurinn sinnir líknar- og menn-ingarmálum í samfélaginu og hafa mörg góðgerðarfélög og líknarstofnanir notið góðs af.

Til viðbótar þessum sjóðum stofnaði bróðir okkar, Bent Sch. Thorsteinsson, sérstakan styrktarsjóð og gaf Reglunni fyrir um það bil 16 árum og úr honum er veitt fé nær árlega til góðra verka.

En það einkennir góðgerðarstarf Frímúrarareglunnar að það er unnið í kyrrþey. Frímúrarar láta sín nær aldrei getið þegar



Valur Valsson.

þeir vinna miskunnarverk. Þess vegna vita ekki margir af þessari hlið á frímúrarastarfinu.

Og annað einkennir þetta starf. Allt fé sem varið er til góðverka kemur frá bræðrunum sjálfum, en ekki með sölu eða söfnun utan Reglunnar. Sérhver bróðir gefur eftir efnum og ástæðum.

En safnast þegar saman kemur segir, máltækið. Á hverju ári ver Reglan því umtalsverðum fjárhæðum til góðgerðarstarfs. Frá aldamótum, eða síðustu 17 árin, hefur Frímúrarareglan þannig varið tæplega 150 milljónum króna til ýmiss konar líknarmála og góðgerðamála, innan félags sem utan. Lætur nærri að upphæðin skiptist jafnt milli bræðra, sem aðstoð þurfa, og fjölskyldna þeirra annars vegar og góðra mála í þjóðfélaginu hins vegar.

Bræður mínir – hafið heila þökk fyrir gjafmildi ykkar.

Valur Valsson



AFSLÁTTUR

Kjölföt

- Fjölfesting í glæsileika



- Úrval kjölfata
- Kjólskyrtur
- Lakkskór
- Hattar
- Fylgihlutir

Bjóðum afslátt af öllum kjölfötum með svörtu vesti fyrir núverandi og tilvonandi frímúrararabæður. Verð áður **89.800 kr.** Verð nú **76.900 kr.**

Ég hef borið ábyrgð á klæðaburði þúsunda karlmanna í þrjá áratugi. Ég er þakklátur fyrir traustið sem viðskiptavinir hafa ávallt sýnt mér.

Sigurður Þorólfsson, Bóbo

Sigurður Þorólfsson (Bóbo)



karlmenn

Laugavegi 7 Sími: 551 3033



Hamarsbræður og systur í hinu forna virki Masada sem fjallað er um í greininni undir blaktandi fána Ísrael.

Fundað í námum Salómons konungs

Þann 23. september síðastliðinn lögðu Hamarsbræður og systur, ásamt fjölda bræðra og systra úr öðrum stúkum, land undir fót og heimsóttu Ísrael, Palestínu og Jórdaníu. Tílefnið var fimmtíu og fimm ára afmæli Hamars og hafði undirbúningur að þessari ferð staðið yfir í tvö ár. Ferðaskrifstofan Vita átti veg og vanda að skipulagningu ferðarinnar ásamt bróður Þórhalli Heimissyni en með honum í ferðanefnd voru bræðurnir

Friðgeir Magni Baldursson, Kristján Daníel Sigurbergsson og Jóhann Ólafur Ársælsson og hvíldi mikil vinna á þeirra herðum. Fararstjórar voru sr. Þórhallur Heimisson, sr. Kristján Björnsson, Guðmundur V. Karlsson og Soffía Alice Sigurðardóttir. Gist var á Hótel Dan Panorama í Jerúsalem í 6 nætur en síðustu tvær næturnar var gist á Hótel Leonardo Plaza í Eilat. Fyrir ferðina hélt sr. Þórhallur fjögur fræðslukvöld þar sem hann fór

yfir trú, sögu og menningu Landsins helga síðastliðin 6.000 ár.

Ferðahópurinn fyllti heila þotu í beinu leiguflogi Ícelandair til Tel Aviv en þaðan var síðan ekið til Jórslaborgar. Saga Jerúsalem nær aftur til grárrar fornescju. Hún var upphaflega reist fyrir þúsundum ára af þjóðum sem enginn kann skil á í dag. Milljónir pílgríma hafa sótt Jerúsalem heim í tímans rás en hún er ein helgasta borg þriggja heimstrúarbragða,



Í námum Salómons konungs, en helgisagnir segja að steinar í musteri hans hafi verið hoggvir úr þessum námum.

gyðingdóms, kristni og íslam.

Hjarta Jerúsalem er gamla borgin innan múranna sem skiptist í borgarhverfi gyðinga, armena, kristinna og múslíma. Hópurinn skoðaði borgina hátt og lágt og þar á meðal Grátmúrin, Grafarkirkjuna og Via Dolorosa auk margra annarra helgistaða.

Einn af hápunktum dvalarinnar í Jerúsalem var þó án efa fundur bræðranna í Helli Sedekíasar, sem

einnig er kallaður Námur Salómons konungs. Í samstarfi við stúkuna Holy Land nr. 50, sem starfar undir Grand Lodge of the State of Israel, og með mikilli vinnu og aðstoð frá Mike Salem Stólmeistara hennar og bræðrum var haldinn fundur í Námum Salómons konungs á þeim stað þar sem talið er að steinsmiðir hafi hoggvið til og reist upp steina sem notaðir voru sem byggingarefni í musteri Salómons

konungs. Fundurinn hafði krafist mikils undirbúnings og það tók um það bil hálf tónn að fá tilskilin leyfi til að halda fundinn í hellinum á þessum tíma. Íslensku bræðurnir tóku virkan þátt í fundinum sem var í alla staði einstök og ógleymanleg stund, hvort tveggja fyrir íslenska og ísraelska bræður. Ólafur Magnússon, Stólmeistari Hamars, ávarpaði fundinn og kynnti framlag íslensku bræðranna. Sr. Bragi J.



Ingibergsson flutti erindi, Gunnlaugur Claessen flutti ávarp og kveðjur Stórmeistara Frímúrarareglunnar á Íslandi. Jónas Þórir kynnti og lék undir söng kórs bræðra en Eiríkur Hreinn Helgason og Stefán Arngrímsson sungu einsöng. Eftir fundinn var sameiginleg máltíð á Hótel Dan Panorama en systurnar snæddu kvöldverð á veitingastaðnum Eucalyptus þetta sama kvöld.

Þess má geta að Hellir Sedekíasar er gríðarstór og djúpur og opnast undir múrinn kringum gömlu borgina í Jerúsalem, um hundrað metrum norðan við Damaskushliðið, og teygir sig yfir 200 metra undir þennan borgarhluta í átt að Musterishæðinni.

Á meðan hópurinn dvaldi í Jórsalaborg voru farnar ýmsar afar áhuga-verðar skoðanaferðir vítt og breitt um Ísrael og Palestínu enda óhemju-

margt að skoða á þessum slóðum.

Dagsferð var farin til hafnarborgarinnar Tel Aviv sem er ein af stærstu borgum Ísraels. Fæðingarbær Krists og heimabær Davíðs konungs, Betlehem, var sóttur heim og fæðingarkirkjan skoðuð. Betlehem tilheyrir Palestínu og stendur á vesturbakka Jórdanár og er ekki nema í um það bil 10 kílómetra fjarlægð frá Jerúsalem.

A man with a beard and glasses, wearing a black tuxedo with a white shirt and bow tie, stands in a clothing store. He is looking towards the camera with his hands clasped. Behind him are racks of suits in various shades of blue and grey. The store has a clean, modern aesthetic with a light-colored wall and a tiled floor.

Kjólföt

verð kr. 69.980-

herra
GARÐURINN

-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND



Á fundi í námum Salómons konungs. Mikill hátíðleiki fylgdi fundarstörfum á þessum sögulega stað.



Gengið niður tröppurnar í fæðingarkirkjunni í Betlehem þar sem farið er niður á þann stað sem talið er að jata Jesú Krists hafi verið.



Séra Kristján Björnsson flytur erindi í Betlehem.

Þá var ekið til Qumran þar sem hin merku Dauðahafshandrit fundust um miðja 20. öld en þaðan var haldið til klettavirkisins Masada skammt frá Dauðahafinu sem reist var af Heródesi mikla. Þar höfðust gyðingar við í uppreisn gegn Rómverjum á fyrstu öld eftir Krist. Árið 73, eftir tveggja ára umsátur, sviptu 960 gyðingar sig þar lífi frekar en að gefast upp og falla í hendur Rómverja. Í lok dags flutu svo bræður og systur líkt og korktappar í Dauðahafinu.

Farin var dagsferð að Galíleuvatni

í norðurhluta Ísraels, Galíleu, en áin Jórdan rennur í gegnum það. Við Galíleuvatn stóð bærinn Kapernaum til forna, þar var miðstöð starfs Jesú í Galíleu og þar er talið að Símon Pétur hafi átt heima. Jórdanáin markar hluta landamæra Ísraels við Síryland og Jórdaníu. Stuttu neðan við þar sem Jórdanáin rennur úr Galíleuvatni er staðurinn þar sem talið er að Kristur hafi verið skírður af Jóhannesi skírara. Þá var einnig farið til Nasaret sem talinn er hafa verið heimabær Jesú, þar sem hann ólst

upp.

Síðustu tvo daga ferðarinnar dvaldi hópurinn í Eilat, hafnarbæ fyrir botni Akabafloa. Á leiðinni þangað var að við Ramon gíginn, stærstu gígjarömyndun jarðar. Áður hafði verið gert stutt stopp í bænum Mitzpe Ramon en þar er gróf Bens Gurion, fyrsta forsætisráðherra Ísraels.

Frá Eilat var farin dagsferð til Jórdaníu og hin forna borg, Petra, skoðuð. Petra er að mestu höggvin inn í hamra austan við Vadi Araba og var höfuðborg Nabatea, arabískis



Hluti hópsins samankomin til myndatöku í Masada virkinu.



Sögulegur fróðleikur er á hverju strái þegar Ísrael er heimsótt. Fornar rústir geyma langa sögu trúar, menningar, mannlífs, stríðs og harmleikja.

Þjóðflokks, er frá 300 f. Kr. til 106 e. Kr. hafði allstórt ríki í Norðvestur Arabíu. Rústir borgarinnar eru þekktar fyrir einstakan arkitektúr, musteri, grafir, leikhús, minnismerki, hallir, vatnsveitu og laugar sem allt er höggvið í kletta.

Fyrir flesta var þessi ferð eins konar pílgrímsför á helgar slóðir í tvennum skilningi. Annars vegar má nefna upphaf trúarinnar í Landinu helga og hins vegar rekja margar frímúrarareglur rætur sínar og upphaf frímúrarastarfs til Salómons konungs og þeirra steinsmiða sem byggðu musteri hans. Hópurinn heimsótti því bæði vöggu kristinnar trúar og vöggu frímúrarastarfs í ferðinni.

Á núnda degi héldu svo ferðalúnir en afarsáttir bræður og systur heim á ný með ógleymanlegar minningar og lífsreynslu í farteskinu.

Símon Jón Jóhannsson

Af hverju ætti ég að gerast frímúari?

Um þessar mundi fagnar Frímúrarareglan á Íslandi hundrað ára blómlegu starfi á Íslandi. Styrkur hennar eykst með hverju ári, og á landsvísu stunda nú á fjórða þúsund manna mannræktarstarf saman innan veggja hennar um allt land.

Ástæður þess að menn laðast að Frímúrarareglunni eru mjög misjafnar. Bræður sem hafa tjáð sig um það hvers vegna þeir óskuðu aðildar að reglunni, nefna þó helst hluti eins og þessa:

1. Þekki menn sem ég vissi að voru í Reglunni og það kveikti áhuga minn á þessum félagsskap
2. Hef áhuga á mannrækt og líknarstarfi
3. Langaði til að taka þátt í félagsstarfi til að kynnast góðum mönnum
4. Sögulegur áhugi á uppruna frímúrararstarfs út af bókum og kvikmyndum
5. Kynnti mér starfsemi Frímúrarareglunnar á Íslandi og víðar með því að lesa um þennan félagsskap á netinu og eitt leiddi af öðru
6. Vinur minn sem er í Reglunni tók mig tali og kynnti mér starfsemiina sem leiddi til þess að ég fékk áhuga
7. Faðir minn var frímúari og það virðist hafa verið skrifað í skýin að ég gengi sömu leið
8. Tengdafaðir minn hreinlega spurði mig hvort ég hefði áhuga á að kynnast Reglunni og það leiddi til þess að ég fékk áhugann og sótti um

Þessar og margar fleiri ástæður heyrast nefndar fyrir því að menn sækja um inngöngu í þennan ævafora félagsskap. En án efa er það á endanum áhugi á því að kynnast öðrum mönnum með lík áhugamál og gildi, þ.e.a.s. mannrækt á kristnum grunni, sem er öðrum ástæðum sterk-



ari við ákvörðunina um að sækja um aðild að Frímúrarareglunni.

Mörgum þykir starfið vera hulið hjúpi dulhyggju og jafnvel leyndar, þar sem trúnaður hvílir yfir fundarsíðum. En staðreyndin er nú samt sú að Frímúrarareglan er ekki leynifélag. Á heimasíðu Reglunnar eru ítarlegar upplýsingar um starfið, sem og krækjur á önnur samtök frímúrarara sem viðurkennd eru af íslensku Reglunni. Bæði eru þar samtök frímúrarara á Norðurlöndum sem byggja á svokölluðu sænsku kerfi frímúrarara og tenglar á ensku Frímúrararegluna og fleiri. Það ætti því að reynast mönnum auðvelt að afla sér grunnupplýsinga um starfið.

Reglan sinnir velgjörðarverkefnum, sem er auðvitað hluti af innihaldsríkri mannrækt. Þetta kemur sumum á óvart, því að lítið er um fregnir af slíku í fjölmiðlum, en það er af ásettu ráði, því að frímúrarurum er ljúft og skylt að gera góðverk án þess

að eftir því sé tekið, og án þess að upphefja sjálfa sig fyrir vikið. Þá veitir Reglan styrki til ýmissa verkefna og eru allar styrkveitingar byggðar á eigin fjárframlögum bræðra.

Uppruni Reglunnar í þeirri mynd sem hún starfar hér á landi er rakinn allt aftur til 18. aldar. Eins og margir vita, er hún ætluð karlmönnum sem náð hafa 24 ára aldri og íslenska Reglan gerir kröfur um að viðkomandi sé kristinn trúar. Reglan á Íslandi er sjálfstæð og engum háð öðrum en löglegum íslenskum yfirvöldum.

Með því að ganga í íslensku Frímúrararegluna eru menn því ekki að tengjast samtökum sem lúta yfirráðum neins annars valds en rétt kjörinna yfirvalda á Íslandi. Reglan á hins vegar gott samstarf við Reglurnar á hinum Norðurlöndum og í fjölda annarra landa. Gagnkvæmur heimsóknarréttur er milli stúkna í þessum Reglum, ef viðkomandi Regla er viðurkennd af íslensku Reglunni.

Breytingar á samfélaginu hafa og munu að sjálfsögðu hafa áhrif á Frímúrararegluna eins og flest önnur mannanna verk. Þannig má t.d. nefna að á síðari árum hafa bræður stofnað til hópastarfs fyrir bræður innan Reglunnar, t.d. með kórastarfi, golfklúbbum og stofnað reiðhjólaklúbb, reiðklúbb, mótörhjólaklúbb og fleira.

Ef þú lesandi, góður, hefur áhuga á að kynnast Frímúrarareglunni á Íslandi er þér bent á upplýsingar um hana á netinu, á heimasíðu hennar www.frimurarareglan.is eða með því að setja þig í samband við einhvern bróður innan hennar sem án efa er reiðubúinn að veita þér leiðsögn og upplýsingar með hvaða hætti þú getur sótt um aðild að henni.

Staða og ímynd Reglunnar í samfélaginu

Síðastliðið vor kynnti Erindreki Reglunnar (ER) að hann hygðist halda fundi í öllum stúkum innan íslensku Frímúrarareglunnar. Fundirnir sem voru boðaðir voru alls 17. Þegar þetta birtist þá verður búið að halda 16 fundi. Eftir er að halda fund á Egilsstöðum og er stefnt á að hann verði í janúar 2019.

Aðsókn á þessa fundi hefur verið mjög góð og hefur fjöldi systra og bræðra komið á fundina með og án fjölskyldumeðlima. Fundirnir voru boðaðir á grundvelli skipunarbréfs ER, til þess að ræða stöðu og ímynd Reglunnar í íslensku samfélagi og með hvaða hætti við viljum og getum frætt fjölskyldur bræðra og almenn- ing um starf okkar.

Fundir Erindreka Reglunnar (ER) eru fullkomlega nýir af nálinni og umræða eins og þar hefur farið fram alger nýlunda innan vébanda Reglunnar. Fastanefnd og ER hófu undirbúning að kynningarstarfi meðal bræðra, systra og fjölskyldna veturinn 2017-18 og eru þessi fundir til þess ætlaðir að hefja það verkefni. Þetta er verkefni sem stefnumótun- arstarfið 2014 mótaði á grundvelli mikils nefndastarfs og skoðana- kannana meðal almennings annars vegar og hins vegar meðal bræðra. Niðurstaðan var að byrja á slíkum fundahöldum sem nú eru að mestu að baki.

Fundirnir hafa allir verið vel sóttir, misvel að sjálfsögðu eins og gengur. Fundartími var yfirleitt ein og hálf klukkustund. Miðað við aðsóknina á fundina er ljóst að góður grundvöllur var fyrir slíkum fundahöldum og augljóst má vera af undirteknum fundar- manna á þeim að mikil þörf og áhugi er á aukinni fræðslu um Regluna,



Eiríkur Finnur Greipsson, Erind- reki Reglunnar.

meðal systra og fjölskyldumeðlima. Erfitt er að fullyrða um afstöðu almennings til aukinnar fræðslu, en af skoðanakönnunum er ljóst að þekking almennings er afar takmörkuð á henni.

Gagnrýni sem fram hefur komið á fundum þessum, er reyndar af mjög skornum skammti (kannski því miður), en meðal annars sýnir að skort hafi á þátttöku fundarmanna í almennum umræðum, eða með öðrum orðum að skoðanaskipti hafi ekki verið nægjan- leg og framsagan of löng. Mögulega er það réttmætt að form fundanna bjóði ekki upp á lífliga umræðu. Einnig má geta þess að fram kom sýnir skoðun að almenn þekking á Reglunni sé ágæt meðal bræðra og systra og að beina eigi kröftunum frekar að því að fá fram hugmyndir bræðra og fjöl- skyldumeðlima með hvaða hætti væri unnt að ná til almennings og leiðrétta ranghugmyndir. Vissulega er gagn-



rýni mikilvæg og ber að taka tillit til hennar og án hennar er ekki unnt að þróa þessa umræðu og efla starf Fastanefndar og ER.

Væntingarnar eru auðvitað að þessi umræða leiði af sér jákvæða þróun í kynningarstarfi innan Reglunnar og meðal almennings. Í starfi því sem nú er hafið er ekki óeðlilegt að fleiri en ein skoðun sé á aðferðafræðinni. Ákvörðun um hvert næsta skref verður í þessu kyn- ningarstarfi verður byggð á fjölmörg- um þáttum auk reynslunnar af þessari fundalotu og mótað af Fastanefnd og ER á næstu vikum og mánuðum. En eitt er víst að þessi



Eiríkur Finnur Greipsson Erindreki Reglunnar flytur erindi í Regluheimilinu í Reykjavík.

vegferð er aðeins að byrja.

Miðað við fjölda funda og þátttöku fundarmanna í umræðum, verður að túlka undirtektirnar og samskiptin við ER í kjölfar þeirra á þann hátt að almennt skorti á nægjanlega fræðslu og upplýsingar um Regluna og starf bræðranna. Mjög skýrt kom fram á sumum fundunum að bræður og systur eru almennt órugg um hvað „megi“ segja og með hvaða hætti sé unnt að segja frá markmiðum og inn-taki Reglustarfsins.

En eðlilegt er þá að spyrja hvort eitthvað sé til staðar um Regluna sem ekki „má segja?“ Svárið við því er í raun að það eina sem frímúrarar telja

sig bundna trúnaði um, eru sjálfir fundarsíðirnir. Og ástæðan fyrir þeim trúnaði er aðeins sú að með því að greina frá fundarsíðunum muni mannræktarstarfið í stúkum missa verulega marks. Annað er í raun opin bók gagnvart almenningi og má þar nefna Grundvallarskipan Reglunnar (almennt lög hennar), félagatal, skipan embætta, uppbygging þriggja deilda reglunnar (Kapítulastúkur, Sankti Andrésarstúkur og Sankti Jóhannesarstúkur), ráð Reglunnar og þannig má áfram telja.

Markmiðið með þessum viðræðum og kynningarfundum er fyrst og fremst það að leita leiða til að upplýsa

og efla bræður og fjölskyldur þeirra til að gera þeim betur kleift að koma á framfæri við almenning réttum upplýsingum um frímúrararstarfið.

Markmið Reglunnar er að göfga og bæta mannlífið. Reglan vill efla góðvild og drengskap með öllum mönnum og auka bróðurþel þeirra á meðal. Það er aðalatriðið í starfi frímúrarara.

*Erindreki Reglunnar,
Eiríkur Finnur Greipsson*



Kolbeinn Jón Ketilsson tenórsöngvari á háa C-inu á galadansleik í norska Regluheimilinu í Óslóarborg.

Íslenskir tónar í norsku regluheimili

Máttugur tenórsöngur og töfrum líkur fiðluleikur fylltu sali Regluheimilis frímúrara í Óslóarborg á miklum dansleik norskra bræðra og systra fyrr á árinu. Listamennirnir eru íslenskum frímúrurum að góðu kunnir, þeir bræður Kolbeinn Jón Ketilsson óperusöngvari og Hjörleifur Valsson fiðluleikari, sem hafa báðir sest að í Noregi.

Viðtal við tónlistarmennina Hjörleif Valsson og Kolbeinn Jón Ketilsson eftir Þór Jónsson

- Hjörleifi hafði verið falið að annast tónlistina á þessum degi og hann leitaði meðal annars til mín, segir Kolbeinn um aðdragandann að listflutningi þeirra félaga við þessi veisluhöld. Hjörleifur er einn aðaltónlistarmaður Reglunnar í Noregi og er mjög oft leitað til hans.

- Ég hef undanfarin sjö ár verið tónlistarflytjandi á ballinu og síðustu fimm ár haft umsjón með tónlistardagskrá við athöfn í stúkusal og svo séð um tónlistaratriði í borðsal við sjálfan kvöldverðinn, segir Hjörleifur. Stórsveit Frímúrarareglunnar sér svo um danstónlist við sjálfan dansleikinn. Það er vissulega sérlega ánægjulegt að geta haft okkar frábæra tenór Kolbeinn Jón Ketilsson með í áhöfninni.

Fallega er fjallað um framlag

Hjörleifur Valsson ásamt Lars Tomtun að laða fram hátíðarstemmningu með frábærum tónlistarflutningi.



Ljósmynd: Freddie Øvergaard, Frimurerbladet



Ljósmynd: Freddie Øvergaard, Frimurerbladet

þeirra félagi til samkvæmisins í nýjasta hefti systurblaðs Frímúrarans í Noregi en gestum var fagnað með eftirfarandi kveðju: Enn komum við saman til að njóta félagsskapar hver annars og gleði í þeim anda „að lifa í núinu“ en keppa að sama marki: Ljósi og kærleika úr hjarta okkar. Í kvöld höldum við öll saman í ferðalag. Ferð sérhvers okkar á að vera háttað eins og indíanakerlingin lýsti fyrir samfylgdarfólki sínu: - Gakktu ekki fyrir framan mig og heldur ekki fyrir aftan mig heldur við hlið mér svo að við finnum áfangastaðinn í sameiningu.

Þeir Kolbeinn og Hjörleifur segja að veislan, sem nefnd er Ordensball, minni einna helst á Systrakvöldin í Reglunni heima á Íslandi. Þetta sé galadansleikur sem SMR bjóði til á hverju ári en aðeins séu 250 miðar á viðburðinn og komist færri að en vilja.

Viðtökur við tónlistarflutningi þeirra voru frábærar og stóðu gestir upp úr sætum sínum og klöppuðu þeim lengi lof í lófa. Voru þeir enda beðnir um að spila og syngja á H&V í norsku Landsstúkunní í september sem leið ásamt þriðja Íslendingnum, aðalsöngstjóra Landstúkunnar, br. Presti Eiríkssyni organista.

- Við leikum oft saman á fundum, segir Hjörleifur.

- Okkur verið boðið að sjá um tónlistina aftur í febrúar á næsta ári, segir Kolbeinn.

Í Frimurerbladet hinu norska segir meðal annars að Kolbeinn sé tenór í heimsklassa og hafi allir látið hrifast af stórkostlegri túlkun hans á þekktum verkum. Um Hjörleif segir að hann sé nánast töframaður með fiölu sína og kunni á því lagið að hleypa lífi og fjöri í salinn og koma öllum í hátíðarskap.

- Dagskráin að þessu sinni var þrískipt, svarar Hjörleifur spurður. Fyrst var tónlist leikin inni í stúkusal, þar sem ÆKR hafði sett saman texta og var tónlistin valin eftir þema. ÆK, SMR og Hersir Reglunnar fluttu textann og við fluttum tónlist á milli lestra. Þessi stund er ákaflega falleg og hátíðleg. Svo var haldið til borðs og við fluttum stutta tónlistardagskrá með nokkrum þrumuflegum tónbókmenntanna.

- Í stúkunní söng ég „Lascia ch'io pianga“ og fallett norskt lag sem heitir „Barndomsminne fra Nordland“. Á ballinu söng ég svo „Jeg elsker deg“ eftir Grieg, „Core n'grato“ og „Sole mio“. Lögin sem ég söng í stúkunní eru róleg og meira við hæfi þess andrúmslofts sem þar ríkir en hin og þá sérstaklega þau tvö síðastnefndu eru

svona meiri „bombur“ ef þannig má að orði komast.

Viðmælendur Frímúrarans eru báðir búsettir í Noregi og taka þátt í frímúrarastarfinu í búsetulandi sínu.

- Ætli aðalástæðan fyrir Noregsdvöl minni sé ekki sú að ég er giftur norskri konu, segir Kolbeinn. Við búum í heimabæ hennar, Drammen, sem er um hálf tíma lestarferð í vestur frá Ósló. Hér unni ég hag mínum hið besta, stutt er í fallega náttúru, reyndar í göngufæri þaðan sem við búum, og falleg á og vatnsmikil rennur gegnum bæinn en á henni sigli ég og út á fjörðinn um sumartímamann. Ýmis verkefni eru framundan bæði í óperusöng og tónleikahaldi. Ég reyni þó að missa ekki tengslin við ættingja og vini á Íslandi og fæ öðru hverju verkefni þar líka.

- Ég flutti með fjölskylduna, konu og fjögur af okkar fimm börnum, árið 2010 og við búum í Asker, rétt fyrir utan Ósló. Asker er einmitt vinabær Garðabæjar. Hér starfa ég sem fiölu-leikari og fiölu-leikari. Við unum hag okkar vel og njótum lognsins við Óslóarfjörðinn og lífsgæða og fallettar náttúru. Hér er svo sannarlega gott að búa.

Kolbeinn segist ekki hafa verið mjög virkur í frímúrarastarfinu upp á

síðkastið en það standi til bóta: - Í október síðastliðnum forframaðist ég upp á 7. gráðu í Ósló sem var spennandi þar sem athöfnin fór að sjálfsögðu fram á norsku en allt gekk vel sem betur fer og þakkaði ég fyrir mig með því að taka eitt lag eftir matinn við góðar undirtektir.

- Ég er mjög virkur, sæki fundi, og spila mjög oft fyrir Regluna, ekki bara á Óslóarsvæðinu heldur vítt og breitt um Noreg, segir Hjörleifur. Ég hef flutt tónlist á fundum allt frá Tromsø til Kristiansand, en þar á milli eru um 2.000 kílómetrar. Í Noregi er starfað eftir sænska kerfinu, eins og á Íslandi, og því eru fundirnir mjög líkir í báðum löndum, svo líkir raunar að íslenskir bræður ættu að falla beint inn í starfið. Það sem er sérstakt hér er hins vegar að í viðbót við sænska kerfið eru hér svokallaðar Pólstjörnustúk-ur. Ritúal þeirra er aðeins frábrugðið en þó ekki meira en svo að fyrir okkur er það meira en auðskilið – og spennandi að upplifa.

- *Getum við lært eitthvað af bræðrum okkar í Noregi eða tekið þá okkur*

til fyrirmyndar að einhverju leyti?

- Við getum eflaust lært mikið hver af öðrum en það helsta sem ég get nefnt er að meira ber á starfi í þágu þeirra sem minna mega sín hér í Noregi. Bræður taka beinan og virkan þátt í að hjálpa þeim sem hafa orðið undir í lífinu og það hefur verið mér lærdómsríkt. Um helgar eru frímúrarar í miðborginni að gefa útígangsfólki súpu og karbonaði og svo keyra þeir á milli matvörubúða og safna mat sem til stendur að henda og færa Hjálparæðishernum.

- Sennilega eru Norðmenn skyldastir okkur Íslendingum og maður finnur óneitanlega fyrir þessum skyldleika, eða það er mín skoðun að minnsta kosti, bætir Kolbeinn við sem dvalist hefur með öllum norrænu þjóðunum. Ég sakna þó bókasafns Reglunnar á Íslandi og því rólega og vingjarnlega andrúmslofti sem þar ríkir. Ég hef ekki haft tækifæri til að koma svo oft á fundi og atburði heima á síðustu árum en vona samt að ég verði ætíð velkominn sem hingað til.

Spurningunni er einnig beint til

Hjörleifs.

- *Saknar þú einhvers úr starfinu heima?*

- Ég sakna Reytnis í eldhúsinu ...! En annars er ég mjög ánægður hér. Það er gaman að koma til Íslands og fara á fundi og hitta mína góðu bræður en ég er kominn yfir söknuðinn sem ég fann fyrir fyrstu árin. Svo er virkilega gaman að fá heimsóknir frá íslenskum stúkum. Mér finnst að bræður mættu vera miklu duglegri að skreppa í ferðir innan Norðurlandanna og mynda tengsl og bræðralag.

Optima er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á prentlausnum á Íslandi

Prentbúnaður og heildarlausnir



OPTIMA

Vinlandsleið 6-8 Reykjavík
Glerárgata 28 Akureyri
Sími 588 9000

RICOH
Ljósritunarvélir • Prentarar • Skannarar

SCAN COIN
Mynttaliðninga- og flokkunarvélir

ROSENGRENS
Öryggis- og peningaskápar

BISLEY
Skjal- og skrifstofuskápar

Optima
Öryggisvélir

WINCOR NIXDORF
Kassakerfi

xerox

KATUN PERFORMANCE
Prentendur

Ég er frímúrari



Davíð og Jóhanna á Grund í Skorradal.

Bóndi og frímúrari og svo ótalmargt fleira

Þórhallur Jósefsson skrifar

Davíð á Grund hefur verið Frímúrari í rétt liðlega 53 ár. „Ég gekk í Regluna 15. nóvember 1965, þá var Bjarni bróðir minn kominn á þriðju gráðu og mælti með mér. Hinn meðmælandi minn var Óskar Gíslason gullsmiður. Hann hét reyndar fullu nafni Þorleifur Óskar, en notaði ekki fyrra nafnið. Líklega er það þess vegna sem rangur maður er skráður sem annar meðmælandi minn í félagatalinu á vefnum okkar.“

Þarna talar Davíð Pétursson á Grund í Skorradal. Hann er bóndi og frímúrari og kannski er það í daglegu tali nægur titill fyrir mann sem þarf

nokkrar blaðsíður til að gera grein fyrir öllum þeim trúnaðarstörfum sem hann hefur verið kallaður til um ævina.

Við spyrjum Davíð fyrst hvað hafi orðið til þess að hann gekk í Regluna.

„Ég þekkti nokkra frímúrara, þar á meðal auðvitað Bjarna, einnig voru margir vinir mínir í Samvinnu-tryggingum frímúrarar, en ég var lengi umboðsmaður Samvinnu-trygginga, og líka menn frá Hvanneyri. Mér leist vel á þennan félagsskap og reynslan sýnir að það var rétt mat!“

Ekki var auðvelt að sækja fundi í

Reykjavík ofan úr Borgarfirði, en það hjálpaði að í nágrenninu voru nokkrir bræður sem gátu sameinast um ferðir. Þar voru Gimlibræðurnir Oddur Rúnar Hjartarson, Ófeigur Gestsson, sr. Guðmundur Ólafs Þorsteinsson, Haukur Sölvason, Sigmundur Hermundsson, Aðalsteinn Pétursson og Vilhjálmur Einarsson.

„Á þeim tíma þurfti auðvitað að keyra alveg fyrir Hvalfjörðinn, göngin voru ekki komin, þau komu ekki fyrr en 1998, vel ríflega 30 árum eftir að ég gekk í Regluna. Ég vildi þó frekar sækja fundi í Reykjavík en á Akranesi, vegna þess að maður átti oft er-

Ég er frímúrari



Jóhanna og Davíð í hópi barnabarnanna á Grund.

indi af ýmsu tagi í bæinn og þá var gott að geta samnýtt ferðina. Við förum venjulega nokkrir saman í bíl, skiptumst á að keyra, það var hagkvæmara, óþarf að fara á mörgum bílum. Þess vegna erum við svo margir héðan úr Borgarfirðinum sem erum Gimli-bræður.

Oft var ófærð og gat orðið tímafrekt að komast á milli. Það kom fyrir að við reyndum að fara Dragann, en urðum að snúa við og fara fyrir Fjallið! Við gátum auðvitað ekki sótt alla fundi, ég held ég hafi náð að sækja um 10 fundi á ári. Þetta var svo ástæða þess að ég gat ekki frekar en hinir Borgfirðingarnir tekið að mér aðalembætti í stúkunni, það var ekki hægt að treysta á að komast á fundina. Ég var þó vararitari Gimli í 7 ár, 1977-1984.

Mér þótti stúkustarfið afskaplega mikils virði, ekki síst félagsskapurinn og ég kynntist mörgum mönnum sem ómetanlegt var að þekkja og starfa með. Það voru menn eins og Ásgeir Ásgeirsson forseti, Sveinn Víkingur sem tók mig upp, Jón Rafn Guðmundsson, Sigfús Halldórsson tónskáld og lífskústner, Kristinn Halls-son söngvari og margir fleiri. Þetta var úrvals félagsskapur! Reyndar var Sigfús heimilisvinur hér og hafði lengi



Jóhanna og Davíð við veiði í Skorradalsvatni.

verið þannig að ég þekkti hann vel.“

Oft gat komið sér vel að eiga góða vini og trausta. Árni Grétar Finsson, Hamarsbróðir, var í miklu vinfengi við Grundarfólkið um áratugi. Þar átti Davíð Pétursson hauk í horni þegar á þurfti að halda. Davíð var lengi oddviti hreppsnefndarinnar í Skorradalshreppi og eitt kjörtímabilið var hreppsnefndin erfiðari en önnur tímabil. Þá reyndi á stjórnunarhæfileikana og lipurðina, þolinmæðina og þrautseigjuna. „Þá gat ég

alltaf leitað eftir hollráðum hjá Árna Grétari, hann var mér ómetanleg stoð og stytta hvenær sem ég þurfti á að halda,“ segir Davíð.

Sem áður sagði héldu menn hópinn við stúkustarfið sem sótt var frá Borgarfirði. Og eins og fram kemur hér annars staðar var Davíð Pétursson meðmælandi fjölmargra sem leituðu upptöku í Regluna. Þetta varð því nokkuð fljótt allstór hópur og um leið langt að fara til að stunda starfið.

„Eitt sinn könnuðum við möguleika á að stofna bræðrafélag hér í Borgarfirðinum. Það hefði getað verið þægilegt þegar veður voru verst yfir vetrartímann. Hugmynd okkar náði ekki lengra en þetta, við höfðum ekki í huga að stofna fullgilda stúku. Við skrifuðum Stúkuráði bréf þar sem við fórum þessa á leit, en beiðni okkar var hafnað. Ég býst við að þar hafi ráðið miklu að Akurnesingar hafi lagt gegn því. Líklega hafa þeir talið hættu á að Borgfirðingar og þá sérstaklega Borgnesingar myndu sækja í þetta félag frekar en að ganga í Akur, kannski réttilega.“



Grund í Skorradal.

Ættar- og fjölskyldusetur

„Grund í Skorradal var byggð upp sem lögbýli á árunum 1658-1664. Til eru skýrslur og reikningar um byggingar og framkvæmdir á þessum árum í bréfasafni Brynjólfs biskups Sveinssonar, en það var hann sem kostaði þessar framkvæmdir, því hann ætlaði konu sinni að búa þar eftir sinn dag, en hún var 10 árum yngri en hann og bjóst hann því við að hún lifði lengur en hann.“

Þannig hefst ábúendatal og eigendasaga Grundar í Skorradal, sem Guðmundur Illugason tók saman vorið 1981 og Ólafur Hansson las yfir og leiðrétti. Þar kemur fram að biskup hafi lagt til jarðarinnar þriðja hluta jarðarinnar Vatnsenda „(13 hundruð og 40 alnir á landsvísu).“

„Sigurður Árnason, forfaðir minn, kaupir Grund 1671,“ segir Davíð, „og eftir það hefur jörðin verið í eigu þessarar ættar. Sigurður var sonur Árna Oddssonar lögmanns, sem var – og er enn – þjóðsagnapersóna eftir málaferli hans og Odds biskups föður hans gegn Herluf Daa höfuðsmanni. Árni hafði siglt til Kaupmannahafnar til að reka þar erindi fyrir föður sinn

og sagan segir að höfuðsmaður hafi bannað kaupmönnum að leyfa Árna að koma út til Íslands með skipum þeirra. Hann hafi þó komist í Vopnafjarðarskip og náð til Vopnafjarðar þegar fjórir dagar voru til þings, keypt þar tvo úrvalshesta og haldið af stað yfir hálendið til Þingvalla. Hestarnir hafi svo sprungið undan honum á Jökuldal, hann keypt þar brúnan hest og riðið honum einhesta og stóðst á endum að hann kom í Almannagjá þegar kallað var á hann til Dóms í þriðja og síðasta sinn og vann hann málið. Ábúð ættarinnar varð þó ekki strax samfelld á Grund, en frá árinu 1836 hefur þessi ætt búið hér manna fram af manni,“ segir Davíð Pétursson.

Faðir Davíðs var Pétur Bjarnason, hreppstjóri. Hann hóf búskap á Grund 1935. Kona hans var Guðrún Davíðsdóttir frá Arnbjargarlæk í Pverárhlið. Pétur lést 1944 þegar Davíð var 5 ára. Börn þeirra, auk Davíðs, voru Bjarni deildarstjóri í Reykjavík, Guðrún, skrifstofukona í Reykjavík og Jón, flugstjóri. Guðrún Davíðsdóttir bjó áfram á Grund eftir lát manns síns. Hún tók síðar saman við Þorgeir P.

Þorsteinsson frá Miðfossu í Andakíl og eignuðust þau eina dóttur, Ás-laugu, heimilisfræðikennara í Garðabæ. Guðrún lést 1995.

Davíð hóf búskap á Grund árið 1961 með móður sinni. Þann 1. september 1973 kvæntist hann Jóhönnu Guðjónsdóttur. Þau eignuðust fjögur börn: Pétur, giftur Þórhildi Ýr og eiga 3 börn, Melkorku Sól, Davíð og Erlu Ýr, bændur á Grund, Jens, giftur Sigurínu Jóhönnu Steinþórsdóttir og eiga þau 2 börn, Önnu Birtu og Esteri Elísabet, búa á Egilsstöðum, Guðrúnu gift Nirði Stefánssyni og eiga þau 3 börn, Dagmar, Heiði og Þorbjörn, búa í Reykjavík og Guðjón Elías, í sambúð með Þuríði Sigurðardóttir og eiga þau eina dóttur Thelmu, Rut. Guðjón á einnig þrjú börn úr fyrri sambúð, þau Jóhönnu, Hrafnhildi Brynju og Þorstein Gylfa. Þuríður á þrjú börn úr fyrri sambúð, þau Helgu Sóleyju, Karenu Birnu og Einar Bjarka, búa í Reykjavík.

Jóhanna lést 6. júní 2015.

Ég er frímúrari



Hópur bræðra á leið til Akureyrar í heimsókn til Rúnarbræðra.



Karl Schiöth, flugstjóri.



Jón Pétursson, flugmaður.



Davíð Pétursson og Bjarni Pétursson frá Grund.

Listamenn lögðu saman

„Þegar Úlfur Ragnarsson [læknir] fór til útlanda orti hann stundum kvæði og ljóð í flugvélinni á heimleið. Oft við matinn, eftir jólafund í frímúrarastúkunni Gimli leyfði hann okkur að hlýða á skáldskapinn. Oftar en ekki var Sigfús Halldórsson tónskáld nærstaddur. Nokkrum fundum síðar settist hann við hljóðfærið. Var þá búinn að semja lag við ljóðið, sem vinur hans, Kristinn Hallsson söng. Þetta voru ógleymanlegar stundir.“ (DP)

Ég veit ekki hvort þú hefur,
huga þinn við það fest
að fegursta gjöf sem þú gefur,
er gjöfin sem varla sést.

Ástúð í andartaki,
augað sem glaðlegt hlær
hlýja í handartaki
hjarta sem örar slær.

Allt sem þú hugsar í hljóði,
heiminum breytir til.
Gef þú úr sálarsjóði,
sakleysi, fegurð og yl.

Höf. Úlfur Ragnarsson.

Heimsókn til Rúnar og einkennin eftir í Reykjavík

Stöku sinnum efna bræðurnir til hópferðar að heimsækja aðra stúku, stundum í öðrum landshluta. Vorið 1975 fylltu Gimlibræður Fokker flugvél frá Flugfélaginu og héldu til Akureyrar að heimsækja Rúnarbræður. Hæg voru heimatökin, báðir flugmennirnir úr bræðrahópnum, þeir Karl Friðrik Schiöth flugstjóri og Jón Pétursson flugmaður, frá Grund.

„Þetta gekk allt ljómandi vel og allir voru glaðir. Þá gerist það, þegar við erum svona um það bil yfir miðju landinu að flugmennirnir fá tilkynningu frá flugstjórninni í Reykjavík um að fundist hefði taska í reiðuleysi,

hvort þeir kannist við hana? Eftir stutt orðaskipti varð ljóst að þetta var taskan með einkennum allra bræðraanna sem af einhverjum ástæðum hafði orðið eftir! Nú voru góð ráð dýr!“, segir Davíð og hlær að þessari minningu. „En hjálpin var ekki langt undan, þarna í flugumsjóninni á Reykjavíkurflugvelli var bróðir á vakt, Sverrir Jónsson í Mími [áður Rún]. Hann brá við hart um leið og ljóst var hvernig lá í þessu, hann útvegaði litla flugvél, mig minnir að hún hafi verið frá Sverri Þóroddssyni, og fékk hana til að fljúga í snarhasti á eftir okkur með töskuna. Þetta þýddi

samt að við gátum ekki byrjað fundinn á réttum tíma. Við, sem komum allir, bæði flugmenn og farþegar, kjólkklæddir út úr Fokkernum vorum einkennalausir og máttum því bíða í Regluheimili Akureyringanna eftir einkennum. Taskan kom auðvitað um síðir, en þá var liðinn klukkutími frá því fundurinn hefði átt að byrja. Þetta hefði auðvitað getað farið verr, en fyrir snarræði og útsjónarsemi bróður Sverris Jónssonar bjargaðist allt og óhappið gerir ferðina bara enn sterkari í minningunni.“



Grundarstúkan

Fyrir kemur að Gimlibræður (og reyndar bræður í öðrum stúkum og Landsstúkuni) heyra í gamni og alvöru talað um „Grundarstúkuna.“ Þótt hún sé ekki fullkomlega skilgreind og hvergi skráð í bækur Reglunnar er þó hægt að gera nokkra grein fyrir henni. „Grundarstúkan“ er kennd við bæinn Grund í Skorradal, þaðan sem viðmælandi okkar, Davíð Pétursson, er. Á meðfylgjandi mynd eru allir þrjú bræðurnir, synir Péturs Bjarnasonar og Guðrúnar Davíðsdóttur á Grund í fremri röð, frá vinstri Jón Pétursson, Davíð Pétursson og Bjarni Pétursson. Þá er mágur þeirra, Ragnar Önundarson. Í aftari röð eru frá vinstri Guðjón Elías Davíðsson, Pétur Davíðsson, Sigurður Bjarnason, Pétur Bjarnason, Pétur Rúnar Pétursson og Jens Davíðsson.

Myndin var tekin skömmu fyrir 50 ára afmæli Gimli og á þeim tíma störfuðu þeir allir í Gimli. Síðan hefur Jens flutt búferlum til Egilsstaða og starfar nú með St. Jóh.st. Vöku á Egilsstöðum.

Þar sem „Grundarstúkan“ er í reynd ímynduð „stúka“ er vel hægt að ímynda sér stækkun hennar, t.d. með því að telja með alla þá bræður sem Davíð á Grund hefur mælt með inn í Regluna, (rétt er að benda á að sumir þeirra eru einnig á myndinni af „Grundarstúkuni“), þeir eru:

Oddur Rúnar Hjartarson, X° Gimli
 Jón Ófeigur Gestsson, X° Gimli
 Sr. Guðmundur Ólafs Þorsteinsson, R&K Gimli
 Aðalsteinn Pétursson, (látinn), VIII° Gimli
 Haukur Sölvason, X° Gimli
 Sigmundur Hermundsson, X° Gimli
 Sigurður Kr. Pétursson, X° Glitni => Rún
 Ragnar Jóhann Jónsson, X° Gimli => Rún
 Jón Pétursson, X° Gimli
 Brynjar Þorgeirsson, VII° Gimli
 Sigurður Örn E. Levy, III° Gimli
 Sr. Halldór Gunnarsson, X° Gimli
 Pétur Davíðsson, IX° Gimli
 Jens Davíðsson, IX° Gimli => Vöku
 Guðjón Elías Davíðsson, VIII° Gimli
 Pétur Bjarnason, IX° Gimli

Grundarbræðurnir Davíð, Bjarni og Jón hafa mælt með í kringum 60 bræðrum til upptöku í Regluna, langflestum í Gimli.

Stórstúkan í Skotlandi og gömlu stúkurnar

Upphaf skipulagðrar frímúrarastarfsemi í heiminum er nú yfirleitt rakið til Stórstúkunnar (Grand Lodge) sem stofnuð var í Englandi árið 1717. Að þeim atburði stóðu fjórar stúkur sem þá störfuðu í London og Westminster, en heimildir um stofnun þeirra stúkna, aldur og fyrri sögu, liggja ekki fyrir. Um háan aldur skoskra stúkna og langa fyrri starfsemi má hins vegar finna margvíslegar heimildir. Skoskir frímúrarar geta því með réttu gert tilkall til þess að eiga merkan þátt í upprunasögu Frímúrarahreyfingarinnar á Bretlandseyjum og á síðari árum hafa ýmsir fræðimenn haldið því fram að skoskar stúkur séu mun eldri en þær ensku og að uppruna Frímúrarahreyfingarinnar sé þess vegna að leita í Skotlandi.

Stórstúka var stofnuð í Skotlandi árið 1736 og að henni stóðu fjórar stúkur, eins og í Englandi, en þær störfuðu allar í Edinborg og næsta nágrenni. Hér verður sagt lítillega frá stofnun Stórstúkunnar, forsögu þess viðburðar og stofnstúkunum fjórum, en einnig verður fjallað um þrjár vel þekktar stúkur sem kusu að starfa utan Stórstúkunnar.

Skoska Stórstúkan

Fyrsti formlegi fundur fulltrúa skosku stofnstúknanna fjögurra, Canongate Kilwinning, Edinburgh St. Marys Chapel, Kilwinning Scots Arms og Leith Kilwinning, var haldinn 15. október 1736. Þá höfðu þreifingar og óformlegar viðræður staðið í marga mánuði. Ákveðið var á fundinum að senda öllum stúkum, sem vitað var um í Skotlandi á þeim tíma, bréf með þeirri tillögu að Stórmeistari fyrir Skotland yrði kjörinn á degi heilags Andrésar (St. Andrews Day) þann 30. nóvember það ár. Stúkunum var boðið að senda fulltrúa til kjörfundarins, sem skyldi haldinn í Edinborg. Útbúin höfðu verið um 100 slík bréf, en óvíst er hversu mörg voru raunverulega send og hversu mörg

þeirra rötuðu rétta leið. Kjörfundur Stórstúkunnar var svo haldinn á tilgreindum degi og þangað mættu um 100 fulltrúar 33 stúkna, meistarar og verðir (wardens), en nöfn þeirra allra og undirskriftir eru varðveitt í fundargerðinni. Eftir nokkrar umræður var Stórmeistarinn kjörinn samkvæmt áður samþykktum reglum og síðan þeir örfáu embættismenn sem taldir voru nauðsynlegir fyrir starfsemi Stórstúkunnar. Embætti Stórmeistarans til eins árs kom í hlut Williams St. Clair, lávarðar í Roslin, sem þá var verndari (protector) múraraíðnaðarinnar í Skotlandi.

Stúkuskraín

Fyrsti fjórðungsfundur nýju Stórstúkunnar var svo haldinn í janúar 1937 og eftir hann var gengið frá viðurkenningu á þátttökustúkunum og formlegri skráningu þeirra. Þeim var raðað í virðingarröð og um leið gefið stúkunúmer. Röðin réðst af aldri stúkanna og varð hver þeirra að leggja fram gögn til að sanna aldurinn. Ekki voru allar stúkurnar sam-mála um þessa röðun og spruttu um skeið upp harðar deilur þannig að nokkrar sögðu sig úr Stórstúkunni vegna þessa máls. Stúkan í Edinborg fékk til dæmis númerið 1, en stúkan í Kilwinning taldi sig eldri og því eiga rétt á að vera „fyrsta stúkan“, en Edinborgarstúkan vildi ekki gefa það sæti eftir, sem varð til þess að Kilwinning hélt sig utan skosku Stórstúkunnar í sjötíu ár.

Stúkuskraín var reyndar endurskoðuð nokkrum sinnum, s.s. árin 1771, 1816 og 1826 til að reyna að sætta sjónarmið. Þá var stundum bætt inn í skrána á óreglulegan hátt, svo sem þannig að stúkan í gömlu borginni Melrose fékk númerið 12 og stúkan í Aberdeen númerið 13. Á þann hátt tókst að viðurkenna og viðhalda þeirri virðingu sem þessar stúkur áskildu sér á grundvelli aldurs og starfsemisögu, en gremjan

kraumaði enn hjá ýmsum öðrum.

Forsagan

Konungar Skota skipuðu snemma sína eigin húsameistara (masters of works). Þeir voru gerðir umsjónar- og eftirlitsmenn með byggingum konungsfjölskyldunnar, en hlutverk þeirra var einnig að stjórna verkefnum einstakra byggingameistara, svo sem steinsmiða og trésmiða í konungsdæminu öllu eða á tilteknum svæðum. Þannig var William Shaw skipaður af James VI. Skotakonungi árið 1583 byggingameistari konungshalla og kastala og skyldi hann, að eigin sögn, hafa á hendi yfirstjórn steinsmiða (masons) og stúkna (lodges) í landinu öllu og endurskipuleggja starfsemi þeirra. Til að koma föstu skipulagi á verkefnið tók Shaw saman sérstakar starfsreglur (Shaw Statutes) fyrir múrara í Skotlandi og gaf út árið 1598. Reglurnar voru í 22 greinum og tiltóku skyldur þeirra, s.s. skyldur í starfi, öryggisskyldur á vinnustað, siðferðisskyldur í múrarsamfélaginu og skyldur til að mæta á fundi og samkomur. Með fylgdu reglur um úrlausn deilna og um sektir fyrir brot á reglunum. Settar voru einnig reglur um inntöku í stúkurnar og að allar ættu þær að halda sína eigin gerðabók. Fram kom að Shaw væri yfirstjórnandi stúknanna (General Warden) og hefði fengið samþykki stúkumeistaranna til þess.

Ári seinna gaf Shaw út viðbótarreglur í 13 greinum, sem meðal annars áttu að setja niður deilur um aldurs- og virðingarröð stúkna. Stúkan í Edinborg var staðfest sem sú fyrsta og Kilwinning sú næsta. Stúkunni í Kilwinning var úthlutað yfirráðum í Vestur-Skotlandi og auknum réttindum á svæðinu og að fornar reglur skyldu halda gildi sínu. Allt þetta dugði þó ekki til að ná fullum sáttum, eins og að framan er greint. Settar voru reglur um ritara stúkna, skjöl og bréfaskriftir, eftirlit með stúkunum

og loks að meðlimir þeirra skyldu prófaðir að kunnáttu á hverju ári.

Árið 1601 ritaði William St. Clair, lávarður í Roslin, opinbert bréf með samþykki Willims Shaw og setti þar fram aldagamlar hefðarkröfur lávarðanna í Roslin um að þeir væru verndarar og yfireftirlitsmenn múranna og stúkna þeirra. Nokkrar stúkur samþykktu og undirrituðu bréfið, en opinber viðurkenning Skotakonungs fékkst ekki. Eftir andlát Williams Shaw árið 1602 fylgdi svo áratugalangt tímabil þar sem deilur stóðu um þessi meintu yfírráð. Hvorki lávarðarnir í Roslin né þeir húsameistarar konungs, sem fylgdu í kjölfar Shaws, virtust beita sér eða leggja sig fram um að halda áfram þróun á starfi gömlu múrarástúknanna. Reglur Shaws virtust samt að mestu vera hafðar í heiðri og ráða för. Baráttan um yfírráðin og tilraunir til að fá viðurkenningu konungs á þeim virtust vera meginefnið, en þeim lauk ekki endanlega fyrr en árið 1736 þegar Stórmeistari var kjörinn við stofnun Stórstúkunnar í Skotlandi. Bein áhrif St. Clair-lávarðanna og húsameistarar konungs á stúkustörfin og þróun þeirra á sautjándu öld eru því ekki talin mikil.

Stofnstúkurnar fjórar

Stúkan Canongate Kilwinning var stofnuð í Edinborg árið 1677, að því er talið sem stúka byggingamanna. Gerðabækur hennar hafa ekki varðveist. Stúkan lognaðist útaf aftur, en var endurvakin 1735 sem stúka annarra en steinsmiða, og fékk síðan starfsviðurkenningu frá stúkunni í Kilwinning. Frá þeim tíma finnast gerðabækur og voru fundir stúkunnar fjölmargir eftir það. Fram kemur að sérstakir „ársfundir“ voru haldnir reglulega á degi Jóhannesar guðspjallamanns 27. desember. Meðlimirnir voru orðnir 80 í lok árs 1736. Stúkan getur hrósað sér af því að fyrsti Stórmeistari Stórstúkunnar í Skotlandi, William St. Clair, varð meðlimur hennar 18. maí 1736 og hlaut meistarstig 22. nóvember sama ár. Stúkan myndaði sérstaka nefnd meðlima í september árið 1735 til að undirbúa kosningu Stórmeistarans og sú tilgáta hefur verið sett fram að þessi stúka hafi í raun verið driffjöðrin í stofnun Stórstúkunnar.

Stúkan í Edinborg, sem gjarnan er einnig nefnd eftir sínum fyrsta




Skjaldarmerki Stórstúku Skotlands.

fundarstað (Lodge of Edinburgh St. Marys Chapel), á gerðabækur frá því 1599 og er í upphafi talin hafa starfað samhliða félagi (incorporation) eða gildi húsasmiða sem fékk starfsviðurkenningu í Edinborg árið 1475. Heimildir eru fyrir því að aðrir en iðnaðarmenn hafi fengið inngöngu í stúkuna allt frá árinu 1600. Fjöldi slíkra meðlima fór hægt vaxandi á sautjándu öldinni og árið 1753 var í fyrsta sinn valinn stúkumeistari sem ekki var úr hópi steinsmiða. Við lok sautjándu aldar og á fyrstu árum þeirrar átjándu gekk stúkan í gegnum erfitt tímabil sökum ósamkomulags og óánægju meðal meðlimanna þar sem lærlingar höfnuðu frekari stigtökum

og ákveðinn hópur klauf sig frá stúkunni. Stofnun Stórstúkunnar hefur því vafalítið verið kærkomið tækifæri til að efla starfsemina aftur.

Stúkan Kilwinning Scots Arms starfaði stutt, eða ekki nema 27 ár, eða frá 1729 og til 1756 þegar hún lognaðist útaf. Talið er að hún hafi verið stofnuð fyrir aðra en steinsmiði, en gerðabók hennar liggur ekki fyrir. Starfsleyfi sitt fékk hún frá gömlu stúkunni í Kilwinning, en mun þó einnig hafa verið í góðum tengslum við Edinborgarstúkuna. Samkvæmt gögnum Stórstúkunnar voru fyrst og fremst kaupmenn, aðalsmenn, menntaðir menn og hermenn í hópi meðlima (samtals 81 árið 1736). Aðalfundar-




staður stúkunnar var krá í Edinborg sem nefndist Gray's Scots Arms.

Stúkan Leith Kilwinning var stofnuð af meðlimum sem fluttu sig frá stúkunni í Canongate, sennilega árið 1736. Fundargerðir finnast ekki, en stungið hefur verið upp á því að stúkan hafi fyrst og fremst verið stofnuð til þess að stofnstúkurnar í Edinborg yrðu fjórar, eins og í London, og hún lagnaðist svo útaf árið 1770. Samkvæmt gögnum Stórstúkunnar var um 31 stúkumeðlim að ræða í lok árs 1736 og í þeim hópi var ekki neinn steinsmiður.

Gömlu stúkurnar

Fyrir árið 1600 eru til óygggjandi heimildir í Skotlandi um 6 starfandi stúkur múrara og enn fremur skrifleg gögn um að árið 1700 hafi þær verið orðnar að minnsta kosti 20 talsins, flestar í suðurhluta landsins. Stofnun Stórstúkunnar árið 1736 kallaði fram 33 stúkur til þátttöku, en send höfðu verið boðsbréf til miklu fleiri stúkna, sem þá var gert ráð fyrir að væru starfandi.

Hefðin fyrir stúkum múrara var því sterk á þessum tíma, en ekki er nú hægt að vera viss um hvenær og hvernig stúkur múrara þróuðust og breyttust í stúkur frímúrara. Inn-taka annarra en múrara í ýmsar stúkur, svo sem aðalsmanna, menntamanna og manna úr borgaralegum fagstéttum, hófst í einhverjum mæli snemma á sautjándu öld. Líklegt er að sú breyting hafi að lokum haft áhrif á áherslur í starfinu og þróunina frá múrara stúkum til stúkna frí-



múrara. Sem betur fer hafði Shaw gert þá kröfu að haldnar væru gerðabækur og þær, sem varðveist hafa frá þessum tímum, gefa vissa innsýn í stúkustörfin. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þremur mjög sérstökum stúkum.

Lodge of Aitchison's Haven

Elsta, beina heimildin um fundi skoskrar stúku fannst í gerðabók stúku, sem upphaflega hafði aðsetur í þorpinu Aitchison's Haven í East Lothian-sýslu á austurströnd Skotlands. Þar hafði árið 1526 verið byggð mikilvæg inn- og útflutningshöfn, en margvísleg atvinnustarfsemi og salt- og kolanámur voru á svæðinu og þörf fyrir byggingamenn hefur því verið mikil. Þetta litla þorp mun einnig hafa gengið undir öðrum nöfnum, svo sem Newhaven, Millhaven og Morrison's Haven, en hvarf að lokum alveg úr sögulegum heimildum.



Í gerðabókinni, sem komst í eigu skosku Stórstúkunnar árið 1980, er fyrst greint frá stúkufundi 9. janúar 1599. Talið er að stúkan hafi þá ekki verið mjög gömul. Fundir voru stundum haldnir í öðrum þorpum í sýslunni, sennilega á veitingahúsum eða jafnvel heimilum meðlima, en einnig er getið um fundi í kirkjum svæðisins. Stúkumeðlimir, sem margir voru náskyldir fjölskyldumeðlimir, voru úr þorpum eða bæjum í næsta nágrenni. Flestir þeirra voru steinsmiðir og taldi stúkan sig hafa faglega lögsögu yfir þeim, enda var ekki að finna iðngildi steinsmiða tengt stúkunni. Afar fáir aðrir en iðnaðarmenn voru teknir

inn í þessa stúku og það var ekki fyrr en árið 1670 að greint er frá því að aðalsmaður hefði fengið inngöngu. Í bókinni má finna afrit af reglum Williams Shaw og líklegt er að þær hafi verið í heiðri hafðar. Um siði eða innri starfsemi stúkunnar er lítið að finna í gerðabókinni, en talið er víst að stúkan hafi átt í förum sínum gömul handrit með siðum og fræðum sínum. Fram kom þó að stúkumeðlimir sýndu látnum félögum sérstaka virðingu með viðhöfn við útfarir þeirra. Merkasti fundur stúkunnar var haldinn á degi Jóhannesar guðspjallamanns, 27. desember ár hvert, en þá fóru fram stigveitingar. Víst er að stúkan hafði þremur iðnstigum á að skipa (lærlings, iðnfélaga og meistara) og að hún hafði tekið upp þann sið að tilnefna stúkumeðlimi til að vera formlegir leiðbeinendur þeirra sem teknir voru inn í stúkuna eða hlutu stig innan hennar.

Stúkan í Aitchison's Haven var þátttakandi á stofnfundi Stórstúkunnar, en kaus strax á næsta ári að starfa utan hennar. Áður hafði borið á því að mæting á fundi færi minnkandi og að lærlingarnir tregðuðust við að greiða gjöld sín til stúkunnar og vildu ekki taka iðnstigin, en væru samt farnir að taka að sér verk sem fullgildir meistarar í steinsmíði. Stúkan var að lokum tekin aftur inn á skrá Stórstúkunnar, en það var ekki fyrr en árið 1814 og mun hún hafa starfað í 40-50 ár eftir það.

Lodge of Kilwinning

Kilwinning er bær í Ayrshiresýslu í Skotlandi, ekki langt frá vesturströndinni og nokkru sunnar en Glasgow. Hann mun hafa tekið nafn sitt eftir heilögum Winning (St. Winnan eða St. Finian), sem sagður er hafa verið trúboði á sjöttu öld og af írskum uppruna. Tengsl borgarinnar við upphaf frímúrarastarfsemi í Skotlandi byggir á þeirri arfsögn að fyrsta stúkan eða fyrsta gildi byggingamanna hafi orðið til þegar ítalskir og þýskir múrara voru sendir af páfanum í Róm til að reisa klaustur og kirkju í borginni um 1140. Talið er að stúkan (gildið) hafi haldið samkomur sínar í sölum þessara bygginga. Sagan segir enn fremur að Kilwinning-stúkan hafi snemma farið að gefa leyfi fyrir því að aðrar stúkur væru stofnaðar á þessu landsvæði og síðan litið á sig sem móðurstúku. Ritaðar samtímaheim-



ildir um þetta eru þó ekki fyrir hendi.

Þegar Stórstúkan í Skotlandi raðaði aðildarstúkunum í tignarröð samkvæmt framlögðum heimildum, fékk stúkan í Kilwinning stúkunúmerið tveir eins og að framan kemur fram. Þetta gátu stúkubræðurnir í Kilwinning illa sætt sig við og yfirgaf stúkan að lokum Stórstúkuna árið 1744. Hún hélt eftir það fram sjálfstæði sínu og starfaði lengi vel aðskilin frá Stórstúkunni sem „móðurstúka“ annarra stúkana á sínu svæði og gekk gjarnan undir nafninu Mother Kilwinning. Sættir tókust þó að lokum árið 1807 með því að Kilwinningstúkan fékk viðurkenningu á svæðisstjórn sinni fyrir Ayrshire, upprunaaldri og sögulegri tign með númerinu „núll“.

Stúkunni í Kilwinning tókst að varðveita gerðabækur sínar allt frá árinu 1642 og hafa þær nú verið afritaðar og gefnar út á glæsilegan hátt. Hugsanleg eldri gögn stúkunnar eru hins vegar glötuð. Fyrsta fundargerðin er frá 20. desember árið 1642. Þá voru 26 stúkumeðlimir viðstaddir og samþykktu þeir á fundinum að gangast undir lög og reglur stúkunnar.

Lodge of Haughfoot

Árið 1702 var stofnuð ný stúka í skoska þorpínu Haughfoot suðaustur af Edinborg. Nú finnst mönnum þorpið sjálfsagt ekki geta hafa verið merkilegt, en það var vel staðsett með tilliti til samgangna að og frá borginni. Þorpið er ekki lengur til, en tilvera þess er varðveitt í sögu

skoskra frímúrara vegna þess að þar telja menn að hafi verið stofnuð fyrsta stúkan í heiminum sem aldrei var á vegum starfandi steinsmiða eða múrara og starfaði eingöngu á huglægum (non-operative) grunni. Ekki kemur fram á óyggjandi hátt hve margir stofnendurnir voru og úr hvaða stúkum þeir komu, en skilja má fyrstu fundargerðirnar þannig að þeir hafi aðeins verið þrír. Á fyrsta fundinum voru hins vegar teknir inn sex meðlimir til viðbótar. Aðeins einn af þessum níu var smiður, sennilega steinsmiður. Ákveðið var að halda ársfundir á degi heilags Jóhannesar (27. desember) og kjósa þá nýjan stúkumeistara. Við það var að mestu staðið. Fram til ársins 1716 voru stúkumeistararnir allir aðalsmenn, en síðan kom embættið yfirleitt í hlut annarra meðlima. Fyrstu fimmtán árin var aðeins eitt annað embætti í stúkunni, sameinað embætti ritara og féhirðis, og því gegndi sami meðlimur öll þessi ár. Hlutverk hans var einnig að varðveita járnþentan og rækilega læstan „kassa“ sem innihélt pappírsgögn stúkunnar og alla fjármuni.

Margt bendir til að formlegt leyfi til stofnunar þessarar stúku hafi aldrei legið fyrir og starfaði hún alla sína tíð sem sjálfstæð og óháð stúka, tók til dæmis ekki þátt í stofnun skosku Stórstúkunnar og var aldrei tekin inn í stúkuskrá hennar. Ekki er heldur vitað um nein formleg tengsl við iðngildi húsasmiða, störf þeirra eða starfshagsmuni. Fátt er vitað um siðakerfi stúkunnar, en af ýmsum færslum í fundargerðabókinni má

ráða að hún hafi haft yfirráð yfir fornum handritum og farið eftir þeim. Fljótt eftir stofnun stúkunnar var veitt heimild til þess að taka mætti inn nýja meðlimi utan funda, en þó aðeins ef fimm eldri meðlimir stúkunnar stæðu saman að inntökunni. Samkvæmt fundargerðabókinni var fjöldi meðlima þó alla tíð innan við 40.

Fundargerðir Haughfoot stúkunnar voru handskrifaðar og fremur stuttar, en ýmis smáatriði eru þó áhugaverð. Á hverjum fundi voru skráð nöfn þeirra sem mættu og sektir þeirra sem ekki mættu án gildrar ástæðu, nöfn nýrra meðlima og þau fáu mál sem rædd voru og afgreidd, svo sem áminningar til meðlima sem ekki voru taldir hafa sýnt „rétta hegðun“.

Síðasta fundargerð stúkunnar er dagsett 27. desember 1763. Ekkert í henni bendir til að stúkan sé deyjandi eða að hætta störfum, en önnur gerðabók hefur ekki fundist og engin örugg merki um frekari stúkustarfsemi. Árin áður höfðu fundir að mestu verið haldnir í öðrum þorpum og bæjum, einkum Galashiels og Selkirk, og hugsanlegt er að stúkan hafi runnið saman við einhverja af stúkunum sem þar störfuðu. Árið 2002 var svo stofnuð ný Haughfoot-stúka til að halda á lofti minningu þeirrar fyrri og til að rannsaka, varðveita og starfa eftir þeim fornu fundarsíðum sem sennilega voru notaðir þar og í öðrum skoskum stúkum fyrir og rétt eftir árið 1700.

Lokaorð

Skoskir fræðimenn og frímúrarar hafa rannsakað og dregið fram í dagsljósið hin gömlu gögn sem þessi samantekt byggist á (sjá myndir). Þeir hafa beitt sagnfræðilegum vinnubrögðum og leitast við að leggja mat á þessar heimildir og aðrar, til að draga fram staðreyndir um hið forna stúkustarf í Skotlandi. Hér hafa verið rakin örfá atriði úr heillandi sögu, sem er miklu meiri að vöxtum en stutt grein getur leitt í ljós. Augljóst er að frímúrarastarfið í Skotlandi hefur mjög djúpar rætur í fornum stúkum starfandi steinsmiða og múrara, hvað sem líður kenningum um það hvort hreyfingin eigi uppruna sinn í Englandi eða Skotlandi.

Jóhann Heiðar Jóhannsson



Eddubræður á Þingvöllum en þangað var oft farið og hér hlýða þeir, ásamt eiginkonum, á fróðleik um staðinn.

100 ára afmæli reglulegs stúkustarfs á Íslandi 2019

Á þessu starfsári minnst Frímúrara-bræður á Íslandi þess að liðin eru hundrað ár frá því að Jóhannesarstúkan Edda var vígð og reglulegt stúkustarf hófst hér á landi en það var 6. janúar 1919.

Þessa verður minnst með ýmsum hætti innan Reglunnar.

Helsu viðburðir

Hinn 13. nóvember sl. var haldinn svonefndur danskur fundur í Eddu þar sem fundarsetning og fundarslit voru á dönsku en síðabækur þær sem hingað bærust 1918 voru notaðar á fundinum.

Á Regluhátíð 12. janúar 2019 verð-

ur meginsteifið hundrað ára frímúrara-starf á Íslandi.

Þá verður hátíðarstúka sett í Eddu 9. mars 2019 og 100 ára afmælis stúkunnar minnst.

Hinn 7. apríl verður hátíðarsamkoma Reglunnar í Eldborgarsal Hörpu sem ætluð er bræðrum og systur. Þar verður 100 ára reglularstarfs minnst í tali og tónum

Í stúkuhúsum utan Reykjavíkur mun verða opið fyrir gesti og starf frímúrara kynnt en dagskrá einstakra stúkna verður birt síðar.


Loks verður opið hús í Regluheimilinu á menningarnótt 2019.

Tvær bækur gefnar út:

Leitandinn, bók um Ludvig Emil Kaaaber sem bróðir Jón Sigurðsson hefur skrifað og Undir Stjörnuhimni, veglegt safn greina um sögu og margvíslegar hliðar frímúrarastarfs. Síðarnefndu bókinni verður dreift til allra Reglubræðra og þeim þannig gefinn kostur á að kaupa hana.

*Elstu myndir úr fórum
Ljósmyndasafns
Reglunnar af
forsvarsmönnum
St. Jóhannesarstúkunnar
Eddu*

*Myndina hér til hægri kannast
bræður vel við, enda hefur hún
hangið uppi í Regluheimilinu
og þá neðri, sem tekin er 24.
júní 1916, 3 árum fyrir stofn-
un Eddu. Þar sjást frá vinstri:
Carl Olsen, Magnús Sigurðs-
son, Ólafur G. Eyjólfsson,
Matthías Einarsson, H.S.
Hansen, Ásgeir Sigurðsson,
Holger Debell, Jón L. Aðils,
Sveinn Björnsson, Ludvig
Kaaber, Egill Jacobsen og
Arent Claessen.*





Ljósmynd: Haukur Óskarsson

Haukur Óskarsson, Eiríkur Ronald Jósefsson, Ric Berman og Reynir Sigurðsson á innsetningarfundum Berman sem stólmeistara Rannsóknarstúkunnar Quator Coronati í London.

Quatour Coronati í London - Elsta rannsóknarstúka í frímúrararfræðum

Forsaga

Árið 2017 kom bróðir Ric Berman hingað til lands og hélt fyrirlestra í Ljósutröð. Vel var mætt á þessa fyrirlestra og þóttu þeir hinir áheyrilegustu. Þegar í ljós kom að bróðir Berman yrði næsti Stólmeistari stúkunnar barst Rannsóknarstúkuni Snorra boð um að senda fulltrúa sína til London á innsetningarfundinn og fórum við þrír, V.M. bróðir Haukur Óskarsson, V.Sm. bróðir Eiríkur Ronald Jósefsson og bróðir Reynir Sigurðsson.

Hvað er QC?

Quatour Coronati (QC) er elsta rannsóknarstúka í frímúrararfræðum í heiminu, stofnuð 1884. Hún heldur fundi sína í London og með fyrirlestrarferðir um allan heim. Henni var frá fyrst degi ætlað að þróa staðreynda-grundaða aðferðafræði til rannsókna á frímúrarasögu og rannsóknum um uppruna frímúrarastarfs. Stúkan heldur fimm fundi á ári í höfuðstöðvum ensku frímúrarareglunnar í frímúrarahöllinni í Great Queen Street í London. Stúkan gefur út mikið efni en helst er þar að nefna „Ars Quatour Coronatorum (AQC)“ eða ársskýrslu stúkunnar og er henni dreift um allan



heim. Einnig sér stúkan um að skipuleggja ráðstefnur um þær rannsóknir sem eru unnar í nafni stúkunnar og annars staðar.

Meðlimir QC og Correspondence Circle

Stúkan er með það að markmiði að einungis eru fáir aðalmeðlimir, milli 30-40, en þeir eru 36 þegar þessi orð eru skrifuð. Þeir einir verða fullgildir stúkubræður sem hafa með rannsóknum sínum, skrifum og fyrirlestrum sýnt fram á að þeir séu verðugir meðlimir. Aðrir geta verið meðlimir í svokölluðum Correspondence Circle (QCCC). Þeir sem eru meistarar í viðurkenndu frímúrarakerfi geta sótt um að vera í QCCC og gera svo á netinu. Það kostar 38 GBP á ári og innifalið er ársskýrsla með þeim er-

indum sem þar koma fram ásamt fréttabréfi. Þar eru öll erindin birt í fullri lengd og spurningar og svör við þeim. Einnig geta meðlimir keypt merki stúkunnar sem stúkumerki, fullt merki eða þrjónmerki, ásamt bindi stúkunnar.

Hvað er Prestonian fyrirlesarar?

Prestonian fyrirlesari er er eini fyrirlesturinn sem er framkvæmdur með leyfi Ensku stórstúkunnar. William Preston (1742-1818), var álitinn aðal fræðimaður frímúrara á sínum tíma. Hann hélt árlega fyrirlestra sem voru í hávegum hafðir. Prestonian fyrirlestrarnir eru birtir í árbók Stórstúkunnar í Englandi. Meðan William Preston lifði þá þróaði hann kerfi leiðbeininga fyrir frímúrara sem voru notaðar í stúku hans Lodge of Antiquity þar sem hann hafði verið St.M. Eftir andlát hans 1818, eftirlét hann Stórstúkuni 300 pund til að innleiða leiðbeiningar um kerfið hans. Fyrirlestrar samkvæmt þessu kerfi voru fluttir milli 1820 og 1862, þegar fyrirlestrarnir voru felldir úr gildi. Árið 1924 voru Prestonian fyrirlestrarnir endurvaktir, kerfið endurmetið og lagfært. Fyrirlesaranum er nú heimilt að velja sér frímúrararæfni til rannsókna og flutnings að undanskildum stríðsárunum 1940-1946.



Í stúkuherbergi nr 16 í húsnæðinu í London

Ljósmynd: Haukur Óskarsson

Verklagsreglur valnefndarinnar breyttust á þessu ári 2018, þannig að SM allra umdæmanna og London ásamt R. QC biðja um nöfn mögulegra Prestonian fyrirlesara. Innlegg þeirra eru svo metin á vinnufundi í september á hverju ári, endurmetið svo í nóvember og að lokum valið í maí árið eftir. Síðan er tilkynnt um þann heppna í júní. Fyrirlestrarferðin er svo um allan heim og tekur eitt ár.

Hver er Ric Berman?

Bróðir Ric Berman hefur í gegnum tíðina verið virkur í starfi QCC. Dr. Berman er fv. St.M í Marquis of Dalhousie stúkunni No. 1159, og Temple of Athene stúkunni No. 9541, rannsóknarstúka í Middlesex héraði. Hann hefur verið frímúrarari í yfir fjórtíu ár, er „Senior London and Provincial Grand Rank“, og er félagi í styrktarráði bókasafns og frímúrarasafnsins í Englandi.

Ric er höfundur sex bóka, m.a. „The Foundations of Modern Freemasonry“, þar sem hann tekur á pólitískum og trúarlegum áhrifum á frímúrarastarfið á nítjándu öldinni, Schism, rannsókn á félagsfræðilegum uppruna „Antients“ Frímúrum; „Loyalists & Malcontents“, saga frímúrarara í Georgíu og Suður Karolína; „Espionage, Diplomacy and the Lodge“, rannsókn á Charles Delafaye; og „From Roanoke to Raleigh“, saga frímúrarara í Norður-Karolínu. Ric er með mastersgráðu í hagfræði frá háskólanum í Cambridge, doktorsgráðu í sögu frá háskólanum í Exeter, og er meðlimur í konunglega sögufélaginu.

Hann er auk þess gestarannsakandi í Oxford Brookers háskólanum. Hann var Prestonian fyrirlesari 2016.

Fundurinn og erindið

Hefð er fyrir því í QC að nýinnvígður Stólmeistari haldi innvígsluerindi. Fær hin nýskipaði Stólmeistari 1 ár til að undirbúa erindið. Erindi bróður Berman fjallaði um hvernig ritúal írsku stúknanna (Antients) tóku yfir ritúöl ensku stúknanna í Nýja-heiminum eftir frelsisstríð Bandaríkjanna. Hann tiplaði á þessu í erindi sínu þegar hann kom hingað til lands árið 2016. Nú hafði hann farið mun dýpra í efnið með rannsóknum og heimsóknum á ótal skjalasöfn vestanhafs. Satt best að segja átti þjóðernishyggja og uppgjör við gamla nýlenduherra þar stóran hlut að máli. Lesa má nánar um það í næsta AQC.

Mikilvægi erlendra samskipta

Fyrir okkur sem störfum í Rannsóknarstúkunni Snorra er það nauðsynlegt að hafa samband við stúkur sem eru að sinna sama hlutverki í öðrum löndum. Við, sem ein yngsta rannsóknarstúkan í dag, getum lært mikið af systurstúkunum á hinum Norðurlöndunum og ég tala nú ekki um af elstu stúkunni. Þar á ég við aðferðafræði og hvað hefur vakið áhuga bræðranna í gegnum tíðina. Samskiptin við aðra fræðimenn á þessu sviði geta einnig sparað okkur spörin við þá vinnu sem unnin er í Snorra og veitt okkur innblástur til góðra verka.

Hvernig ber maður sig að við að fara á fund í London?

Þegar við hugðum á að fara á þennan fund í London og kynntum okkur til leiks hjá þeim þá kom það skýrt fram frá London að við urðum að gera grein fyrir okkur með því að hafa frá Stórritara Reglunnar á Íslandi „Certification of Good Standing“ þ.e. vottorð um hverjir við værum og við værum í skilum við Regluna. Einnig verða menn að gera ráð fyrir að verða prófaðir í fyrstu þremur stigunum. Beðið var um vottorðin en ekki frímúraravegabréfin.

Bræður frá öðrum löndum

Á fundinum voru bræður frá mörgum löndum og umdæmum. S.M. rannsóknarstúkunnar Niels Treschow í Noregi var þarna og einnig kollegi hans frá Finnlandi. Þarna voru auk þess bræður frá Bandaríkjunum, Svíþjóð, Danmörku, Barbados og Ástralíu auk okkar Íslendinganna.

Lokaorð og hvatning

Það var okkur bræðrunum mikil hvatning og ánægja að sækja þennan fund. Ekki skemmdi fyrir að koma í þetta fræga hús og fara í stúkuherbergi númer 16 og það virtust vera nóg af hærri númerum eftir í þessu magnaða húsi. Ég hvet alla þá sem tók hafa á og/eða eiga leið þarna um að skoða húsið og mæta á fund. Einnig langar mig að benda á vef QCC <https://www.quatuorcoronati.com/>.

Haukur Óskarsson

Kaka ársins 2018

Höfundur kökunnar er Sigurður Már konditormeistari í Bernhöftsbakarí



Kakan samanstendur af browniesbotn, súkkulaðikremi með niðurskornum Þristi, sacherbotn og súkkulaðiganache.

Kakan fæst hjá okkur



Frímúrararastarfið og ljós frjálsrar hugsunar

Arnar Þór Jónsson

Þér eruð ljós heimsins. Borg, sem á fjalli stendur, fær ekki dulist. Ekki kveikja menn heldur ljós og setja undir mæliker heldur á ljósastiku og þá lýsir það öllum í húsinu. Þannig lýsi ljós yðar meðal manna að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar sem er á himnum.

Mattheusarguðspjall, 5:14-16

Í leikhúsum fornaldar munu leikarar hafa notast við grímur til að draga fram það hlutverk sem leikið var og til að magna upp röddina þannig að gestir á öftustu bekkjum gætu fylgst með. Orðið „persóna“ er latneskt að uppruna og merkti gríma, en latneska sögnin personare þýðir bókstaflega „að hljóma í gegnum“. Út frá þessari orðsifjafræði má hugsa sem svo að við séum þátttakendur í leikriti þar sem allir leikendur ganga um með grímur en hið raunverulega sjálf (eða sálin) er ekki sjáanlegt. Gera má ráð fyrir að lesendur þekki þetta úr dægurmenningu, fjölmiðlum og neysluhyggju þar sem persónuleg sérkenni, svo sem kynferði, kynhneigð og húðlitur, eru sett í forgrunn með þeim afleiðingum að útgangspunktur umræðunnar verður einatt næsta yfirborðskenndur.

Nútíminn birtir tilhneigingu til að búta viðfangsefnið niður í leit að skilningi og jafnvel leggja mismunandi mat á hvern hluta fyrir sig. Þannig skiptum við tíma okkar á milli vinnu og frítíma, greinum á milli einkalífs og opinbers lífs, á milli æsku og elli. Vandinn við þetta er m.a. sá að einn og sami maðurinn getur ekki talist margar mismunandi persónur þótt hann leiki ólík hlutverk í sínu daglega lífi. Þegar verst lætur gengur þessi aðgrein-

ingarhyggja svo langt að við skiptum þjóðfélaginu í aðgreinda hluta í stað þess að leitast við að finna og rækta – yfir aðgreiningarlínurnar – hið sameiginlega, þ.m.t. sameiginleg markmið okkar eins og að standa saman að umönnun og uppeldi barna okkar.

Hefðbundin söguskoðun og jafnvel skilningur hvers og eins manns á eigin tilveru getur fallið í þá gryfju að horfa á athafnir okkar hverja fyrir sig í stað þess að leita að heildrænu mynstri. Til að skilja heildina þurfum við að viðhafa heildarsýn fremur en að einblína á atómin. Í stað þess að líta svo á að eitt tímabil taki við af öðru og að hið nýja ryðji hinu gamla á brott má, auðveldlega, leggja þann skilning í framvinduna að hið eldra hafi mótandi áhrif á hið nýja og fljóti þannig áfram, í breyttri mynd, inn í framtíðina. Við mætum gjarnan öðlast skarpari skilning á því hvernig ósamstæð brot mynda eina heild. Þetta á bæði við um mennina sjálfa og samfélagið allt, því reynslan verður að uppsafnaðri heild, þar sem áföll og mótlæti verða að mótandi reynslu. Þroskuð manneskja og þroskuð félagsheild freistar þess ekki að loka á eða kæfa tiltekna þætti úr fortíð sinni því þar með er ekki aðeins verið að grynna viðhorfin og sálarlífið, heldur er þar með mögulega verið að skapa aðstæður þar sem óhreinindin fara að vaxa í myrkrinu. Rétt eins og erfitt er fyrir manninn að flýja sjálfan sig er samfélagi vandi á höndum þegar það freistar þess að ýta óþægilegu fólki út í ystu myrkur. Afleiðingar slíks geta verið þær að allt hið óæskilega finni sér gróðrarstíu þar sem það getur vaxið óáreiðt í ljósleysi.

Það hættulega við að einblína á einstaka og afmarkaða þætti tilverunnar er að við gætum þá misst

sjónar á stóru myndinni, sem líf okkar er hluti af. Svo lengi sem sögur herma hefur fólk lifað lífi sínu í samhengi við umhverfið, menninguna, kynslóðirnar á undan (og eftir) og síðast en ekki síst trúarvitund og lífandi trúarhefðir. Nútíminn færir okkur annars konar skilaboð, um yfirborðslegt og afbakað „frelsi“. Í því felst að við séum óbundin af hefðum, að við rjúfum tengsl við það sem íþyngir okkur á einhvern hátt, slítum okkur úr samhengi við þá sögu eða menningu sem við erum sprottin úr. Alvarlegasta hættan er þó kannski sú að við slítum sambandið við okkar innra sjálf sem nefnt var hér í upphafi. Að við festumst í að leika hlutverkið, ímyndum okkur að við séum persónan en ekki leikarinn.

Í hljóðum stundum ævinnar finnur sérhver maður óminni frá hinu sanna sjálfi. Þá bæra grundvallarspurningar á sér: „Hvaðan kem ég? Hvert er hlutverk mitt í lífinu? Hvert er ferð minni heitið?“

Á hinu stóra leiksviði lífsins getur þessi lágmaelta innri rödd auðveldlega druknað í hávaðanum frá skoðunum annarra. Sá sem aldrei gefur sér tólm til að hlusta á rödd samviskunnar og skynseminnar verður farþegi í eigin lífi því fyrr en varir sitja aðrir við stjórnlögin í lífi hans. Á öllum tímum er þetta vafalaust eitt stærsta verkefni manna, þ.e. að stíga út úr erli hversdagsins og inn í þögnina þar sem hlusta má eftir svörum sannrar visku. Þagmælska frímúrarans miðar ekki síst að þessu marki. En það er ekki nóg að hlusta og heyra. Við verðum að hafa þrek og kjark til að fylgja hjartanu og standa gegn alræðistilburðum ríkjandi viðhorfa á hverjum tíma, sem bjóða aðeins fram þröngt sniðmát sem farisear nútímans ætlast til að allir lúti. Frí-

Tímadjásn
Gallery Gull

Gull 19.900 kr
Safar 2.900 kr

13.500 kr

21.500 kr

Hauðsambli • Isensk bómmul
Tímadjásn / Grimsnes Bústadavegj / 553 9260



Fagmennska í fasteignaviðskiptum

Sími 511-1555



Skólavá 21 (Seimúlagren) • 105 Reykjavík • Sími 511 1555 • Brijfjörð • www.fbj.is

SVAFAR & HERMANN

Kvedja
útfararstofa

Virðing,
reynsla
& þjónusta

Allan
sólarhringinn

571 8222

Svafar:

820 3939

Hermann:

820 3938

Ingibjörg:

820 3937

WWW.KVEDJA.IS



múrarareglan býður mönnum vettvang til að leita og finna svör við stóru spurningunum sem áður voru nefndar. Hún minnir okkur á það að hver og einn maður fetar lífsbrautina undir sverðseggi samviskunnar. Hún hvetur okkur til að hlusta eftir því hvert leiðarljós samviskunnar og skynseminnar vísa. Þeim ljósum er sjálfsgagt best að beita samhliða því samviskan ein getur leitt okkur út á tilfinningalegar villigötur og skynsemin ein út á villigötur vélrænnar og ómannúðlegrar hugsunar. Hér komum við að gamalkunnum sannindum sem frelsisáherslur nútímans gefa lítinn gaum að. Frelsið er ekki aðeins fólgið í lausn undan valdbeitingu og ofríki. Hið sanna frelsi felst í því að sigrast á illum tilhneigingum sjálfs sín, bæla niður lestina og beygja viljann undir lögmál skynseminnar og samviskunnar. Sá sem öðlast hefur slíkt frelsi þekkir nauðsyn þess að menn þröngvi ekki gildismati, viðhorfum, hugmyndum og lífsmáta upp á aðra. Á sama tíma blasir við að mönnum er ekki heimilt að nota frelsið hvernig sem þeim sýnist. Ef allir íbúar landsins kysu að

líta á sjálfa sig sem óháða einstaklinga væri ekkert eiginlegt samfélag til. Ef enginn vildi bera skyldur, gangast við skuldbindingum og efna loforð væri ekkert traust, engin tengsl, engin samvinna og þar af leiðandi ekkert eiginlegt samfélag. Eftir stæði þá aðeins einstaklingurinn, einn og óstuddur. Þá mætti enn spyrja eins og gert er í Hávamálum: „Hvað skal hann lengi lifa?“ Í umhverfi sem einkennist af eilífri baráttu er erfitt fyrir mannskepnuna að fóta sig og finna öryggi. Frelsið eitt reynist lítils virði við slíkar aðstæður. Rökleg afleiðing slíks óhefts frelisis birtist í einsemd og siðferðilegri upplausn, þar sem hver og einn maður gerist dómari í eigin sök. Róttæk einstaklingshyggja er samkvæmt þessu ógn við mannlegt frelsi ekki síður en kæfandi miðstýrð valdbeiting. Í framkvæmd fær frelsið best þrífist í óþvingaðri samvinnu á vettvangi fjölskyldna, félagasamtaka, skóla, trúfélaga, góðgerðarstarfs og viðskipta, þar sem samstarfið byggist á viðurkenndum félagslegum reglum og gagnkvæmu trausti. Án borgaralegs samstarfs á

þessum grunni myndu öll önnur kerfi, þ.m.t. hagkerfið, fljótlega hrynja til grunna vegna innri veikleika.

Hvernig fetar hinn frjálsi maður lífsgönguna og til hvers skal unnið? Frímúrarareglan lætur okkur í té verkfæri til að feta rétta braut, sjálfum okkur og samfélaginu til þroska og framdráttar. Verkefnið liggja og biða okkar. Enginn er svo snauður að hann hafi ekkert fram að færa. Sérhver maður þarf sjálfur að finna sín verkefni og nýta þær gjafir sem honum hafa verið gefnar, en ekki láta þær liggja ónotaðar.


Úr 300 ára sögu frímúrarastarfs má finna fjölmörg dæmi um menn sem hafa verið framangreindum markmiðum trúir, veitt ljósinu mótöku og leyft því að skína í gegn: Bertel Thorvaldsen, Wolfgang Amadeus Mozart, Mark Twain, Oscar Wilde, Louis Armstrong, George Washington, Benjamin Franklin, Voltarie, Chrysler, Winston Churchill, Franklin Roosevelt, Arthur Conan Doyle, Henry Ford, Johann Wolfgang von Goethe, Joseph Haydn, Henrich Heine, Harry Hou-



Opið
Virka daga
08:30-18:00
laugardaga
11:00-13:00

DRÍFA
FATAHREINSUN

Hringbraut 119 - s: 562 7740 - Erum á Facebook



Hitalampar frá welltherm®

GET IT ON
Google Play

Download on the
App Store

Frábært á pallinn og svalirnar

H Hitatækni

www.hitataekni.is S: 5886070 Sniðjuvegur 10, 200 Kópavogur

ifö



ALLT Í BAÐHERBERGIÐ FRÁ A TIL IFÖ

Tengi hefur mikla og góða reynslu af IFÖ baðinnréttingum.

IFÖ eru sænskar hágæðavörur sem framleiddar hafa verið allt frá 1936.

Gæði, þjónusta, ábyrgð - það er Tengí


Opið virka daga frá kl. 8-18 og laugardaga kl. 10-15

Smíðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • tengi@tengi.is
Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050 • www.tengi.is



Hafðu fjár- málin á hreinu í appinu

Með Landsbankaappinu hefur þú bankann alltaf við höndina í símanum; stöðuna, færslur, sparnaðinn og Aukakrónurnar.



dini, Rudyard Kipling, Franz Liszt, Thomas Edison, Harry Truman, Wright bræður. Sérhver frímúrarari getur litið á sjálfan sig sem lifandi fulltrúa þeirrar hefðar sem veitti þessum mönnum styrk til að gefast ekki upp; til að halda áfram að keppa að settu marki þrátt fyrir áskoranir, erfiðleika og mótlæti. Sem frímúrarar höfðu þessir menn lagt kapp á að byggja sitt „innra musteri“ og þangað hafa þeir getað sótt styrk til að vinna sitt veraldlega starf.

Að þessu sögðu er ástæða til að undirstrika að upptalning sem þessi má ekki verða til þess að okkur yfirsjáist sá styrkur sem við hinir, þeir nafnlausu og „venjulegu“, hafa haft af frímúrararastarfinu með því að til-einka sér frímúrararfræðin og gera boðskapinn að leiðarljósi í lífi sínu, til styrktar fjölskyldu sinni og samfélaginu öllu. Í þessu felst skýr áminning – og áskorun – um að hinn „innri heimur“ á að endurspeglast í hinum ytri heimi. Frímúrararastarf okkar er ekki unnið í eiginhagsmunaskyni. Markmiðið er að gera okkur að betri borgurum; betri eiginmönnum, betri feðrum og sonum, betri vinum og samferðamönnum.

Með því að iðka dyggðirnar bættum við samfélagið og sáum fræjum til framtíðar.

Samantekt

Orð Krists, sem vitnað var til hér í upphafi, eru dagleg og eilíf áminning í því samhengi sem hér um ræðir. Í þeim birtist ein meginstoð vestrænnar siðmenningar og lagahefðar, þ.e. að virða beri svigrúm hvers einasta manns til að taka frjálsar ákvarðanir með samvisku sína að leiðarljósi. Öll frjálslynd stjórnskipun hvílir á þessum hornsteinum sem merktur er fyrirheiti og skuldbindingu gagnvart borgurunum, ekki aðeins um frjálsræði þeirra, heldur um jafnt frjálsræði allra manna í siðferðilegu og lagalegu til-liti.

Að vera manneskja jafngildir því að vera skynsemisvera og siðferðis-vera. Tilkall okkar til frelsis hvílir á þessum grunni, sem og ábyrgðin sem frelsinu fylgir. Allt tilkall til frelsis kallar á samsvarandi virðingu fyrir frelsi annarra. Í slíku umhverfi er borin virðing fyrir hinu innra ljósi,

sem ekki verður kæft með vald-beitingu; fyrir innri sannfæringu sem ekki verður barin niður með kröfum um hlýðni eða fylgispekt við ráðandi öfl hvers tíma.

Það að vera frímúrarari jafngildir ekki því að ganga í sértrúarsöfnuð eða hagsmunabandalag. Það er lífsmáti. Í a.m.k. þrjár aldir hafa frímúrararfræðin verið hluti af menningarsögunni og haft margþætt áhrif

til góðs með því að boða umburðar-lyndi, réttlæti og frið. Það er ábyrgðarhlutverk að halda slíkum kyndli á lofti og færa hann logandi til næstu kynslóða. Um það hlutverk og þá ábyrgð leyfi ég mér að lokum að vísa til kvæðis Péturs Sigurðssonar um „Vitann“, sem birt var í Sjómannadagsblaði Vestmannaeyja 1967.

Vitinn

Þar sem berast er land, út á bjargtanga köldum,
einatt barinn af stormum og rjúkandi öldum;
þar sem brimið er mest, þar sem brotsjóir rísa
er þér boðið að standa, að vaka og lýsa.

Þú átt bjargfasta lund, þú ert byggður á kletti,
þaðan bifast þú aldrei, þig meistari setti,
til að beina þeim leið framhjá boðum og strandi,
sem á brothættu fleyjunum sigla að landi.

Upp úr kólgunni lyftir þú höfðinu háa,
yfir hraunið og flúðir og sandana gráa,
þannig verða þeir allir, sem langt vilja lýsa,
upp af lágmennsku auðninni sterkir að rísa.

Engin bölsýni kæft getur blossana þína,
þú ert bjartsýnn á lífið og þolinn að skína,
þú ferð aldrei að vilja þíns umhverfis svarta,
sem er andstæða verst þínu ljóselska hjarta.

Þó að óstjórn og lausung og ofbeldi ríki,
þó að ægilegt náttmyrkur huga manns sýki,
þó að stormarnir tryllist, er stjörnurnar hylja,
ekkert sturlar þinn frið og þinn bjargfasta vilja.

Víða sendir þú geisla að leita og leiða,
miklu ljósmagni þarft þú að dreifa og eyða
út í myrkur og auðn, þó að engan þú finnur,
þessu eilífðar starfi þú trúfastur sinnir.

Þótt aldrei þú spyrjir frá eyjum né veri,
hvort árangur starf þitt í heiminum beri,
þá lama' ekki áhyggjur ljósiðju þína,
því að líf þitt og yndi er þetta — að SKÍNA.

Skjalasafn Reglunnar

Aldargamall peningaskápur í skjalasafni Reglunnar

Í svokölluðu siðameistaraherbergi í eldra hluta Regluheimilisins í Reykjavík stóð um árabíl peningaskápur sem gekk undir nafninu Edduskápurinn. Skápurinn er frá York Safe & Lock Company í Pennsylvania, Bandaríkjunum. Það fyrirtæki var stofnað 1882 og smíðaði ýmiss konar öryggisgeymslur og lása. Í seinni heimsstyrjöldinni framleiddi fyrirtækið hergögn, meðal annars loftvarnabyssur.

Í skápnum höfðu verið varðveittir ýmsir hlutir sem notaðir voru á stúkufundum en einnig til dæmis hin dýrmæta Guðbrandsbiblía, gjöf bróður Gunnlaugs Einarssonar. Fyrir nokkrum árum var þessi skápur fluttur í skjalasafn Reglunnar og var ætlunin að hann yrði þar hafður til að geyma elstu og dýrmætustu skjölin. Skápurinn var þá læstur og hafði ekki verið notaður í allmörg ár. Hann er með talnalás og til að opna þarf að snúa snerli á ákveðin númer í réttari röð. Nokkrar tilraunir voru gerðar til þess að opna hann með aðstoð manna sem höfðu notað skápinn fyrir löngu en það tókst ekki fyrr en 25. október 2018, þegar loksins fannst einn sem mundi talnaröðina. Engin skjöl né aðrar gersemar voru í skápnum. Skápurinn er hinn glæsilegast gripur og í mjög góðu ástandi, lásinn er liðugur og skrautmálning svo til óskemmd. Hann er um það bil 135 cm á hæð, mjög þungur, hólfaður niður með skilrúmunum úr tré sem líklega eru íslensk smíði.

Varðveisla gagna á fyrstu árum frímúrarastarfs í Reykjavík


Edda, bræðrafélag frímúrara í Reykjavík, var stofnað 15. nóvember 1913. Þrem dögum síðar skrifaði bróðir Ludvíg E. Kaaber stúkuráðinu í Kaupmannahöfn og óskaði eftir að fá fræðslubækur og fleiri gögn handa hinu nýstofnaða bræðrafélagi frímúrara í Reykjavík. Í bréfinu segir að þessi gögn yrðu tryggilega varðveitt. Í næsta bréfi til stúkuráðs 23. desem-



Skápurinn (Mynd: Skjalasafn Reglunnar).

ber 1913 útlistaði Kaaber nánar hvernig hann hugsaði sér að uppfylla öryggiskröfur. Þar segir í lauslegri þýðingu, en bréf Kaabers eru á dönsku:

„Við borgum að sjálfsögðu fyrir fræðsluefnið og munum gera allt sem við getum til að varðveita það tryggilega. Ég hafði hugsað mér að kaupa stóra, þunga járnkistu með sterkum og öruggum lás og geyma fræðsluefnið þar. Kistuna léti ég standa í læstu herbergi sem ekki yrði notað til annars og lykilinn að kistunni mundi ég geyma í litlum járnkassa sem stæði í lokuðu hólfi í skrifborði mínu.“ (Instruktionsmaterialet vil vi naturligvis gerne betale og vi vil gøre alt, hvad vi kan for at holde det sikkert opbevaret. Jeg havde tænkt mig, at købe en stor, svær Jernkiste med en solid og sikker Laas og opbevare Ma-



Reikningur vegna peningaskáps (Mynd: Skjalasafn Reglunnar).

terialet deri. – Kisten vilde jeg have staaende i et aflaaet Værelse, der ellers ikke benyttes og Nøglen til Kisten vilde jeg opbevare i en lille Jernkasse, der staaer i et aflukket Rum i mit Chatol.“)


Bræðrafélagið fékk ekki þetta umbeðna fræðsluefni og ekki er vitað hvernig skjöl bræðrafélagsins voru geymd.

Árið 1917 var ákveðið að stofna fræðslustúku í Reykjavík og kom þá að sjálfsögðu til álita hvernig ætti að varðveita bækur og önnur gögn sem stúkan þurfti til starfsins. Svo virðist sem gagnavarslan hafi verið leyst án þess að kaupa hirslu því ekkert hefur fundist í bókhaldi fræðslustúkunnar um slík útgjöld nema reikningur frá Jóni J. Straumfjörð 6. mars 1918 fyrir flutningi á peningaskáp, 4 krónur og 75 aurar. Þetta er skráð sem útgjöld

TOYOTA ÞJÓNUSTA

ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS



Smiðjuvegur 2, 200 Kópavogur
www.bifreidaverkstaedi.is

S:587 1350



Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK

Grand Hótel Reykjavík, stærsta funda- og ráðstefnuhótel Íslands

Grand Hótel Reykjavík hýsir fjölda viðburða, meðal annars ráðstefnur og sýningar, fyrirtækjaviðburði, stóra sem smáa fundi, verðlaunaafhendingar, fyrirlestra og fleira.

Salirnir henta einnig vel fyrir brúðkaup, samsæti, ættarmót, erfidrykkjur, móttökur eða aðrar veislur. Öll aðstaða og þjónusta er fyrsta flokks.

Grand Hótel Reykjavík er staðsett í rólegu umhverfi rétt við Laugardalinn.

Hafðu samband og við aðstoðum þig við að gera þinn viðburð, eins og þú vilt hafa hann.





York Safe & Lock verksmiðjan um 1900 (Mynd: yorkblog.com).

vegna stofnkostnaðar (Etablering) og gæti samrýmt því að járnkista eða skápur hafi þá verið flutt inn í svokallað Nathan og Olsen hús (síðar kallað Reykjavíkुरapótek) þar sem öll frímúrarastarfsemi í Reykjavík var frá 1917 til 1951.

Keyptur skápur

Svo kom að því að stofnuð var fullgild frímúrarastúka í Reykjavík 6. janúar 1919, stúkan Edda. Þá er greinilega farið að huga að því að stúkan eignist örugga hirslu. Í bókhalda Eddu er reikningur upp á 21 krónu og 60 aura

frá O. Johnson & Kaaber fyrir símskeyti sem sent er til New York 27. janúar 1919 viðvíkjandi járnskáp.

Í bókhalda Eddu er síðan að finna greiðslu á reikningi að upphæð 500 krónur og 98 aurar frá O. Johnson & Kaaber. Reikningurinn er vegna stálskáps sem hefur komið með eimskipinu Frances Hyde frá New York. Hann er dagsettur 10. maí 1919 og sundurliðast svo:

Stálskápur: 112 dollarar og 4 cent sem verða 459 krónur og 90 aurar.

Flutningsgjald á sjó: 20 krónur.

Stríðsvátrygging: 14 krónur og 18

aurar. Vopnahlé í fyrri heimsstyrjöldinni hafði að vísu komist á 11. nóvember 1918 en nóg var af tundurduflum í Atlantshafinu.

Þá er vörutollur, vörugjald, uppskipun og keyrsla samtals 6 krónur og 90 aurar.

Hér er kominn skápur sá sem St. Jóh.stúkan Edda fékk í maí 1919, fyrir nærri hundrað árum. Skápurinn verður nú tekinn í notkun í skjalasafni Reglunnar og geymd í honum elstu og dýrmætustu skjöl safnsins.

Halldór Baldursson, Skv. R.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


		
Kristín Ingólfssdóttir	Sverrir Einarsson	Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



**Minningarkort
bræðranefndar
fást á [www.
frmr.is](http://www.frmr.is)**





Árnað heilla

Heyrnartæki sniðin að þínum þörfum

ÓKEYPIS
HEYRNAR
MÆLING!



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



Óttar Möller varð 100 ára 24. október sl. St.Sm færði honum blóm frá Frímúrararegluni og kveðju SMR í tilefni dagsins.



Guðmundur H. Garðarsson Mímisbróðir varð 90 ára þann 17. október sl. St.Sm. færði honum blóm og kveðjur SMR í tilefni dagsins.



Ertu með allt
á hreinu?



Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reukjavík • haaleiti@bjorq.is • Sími: 553 1380

Minning

Einar Einarsson

Höggvið er skarð í hóp okkar frímúrarabræðra. Kær bróðir, Einar Einarsson, R&K, lést 4 ágúst sl. í faðmi Unu konu sinnar í sumarhúsinu þeirra, Birkilundi í Efra Haganesi 2 í Fljótum. Einar var fæddur í Reykjavík 21. mars árið 1934. Foreldrar hans voru Jón Einar Guðmundsson, bakari, og Marta Jónsdóttir, húsfreyja.

Einar kvæntist 1955 eftirlifandi konu sinni, Unu Ásgeirsdóttur og eignuðust þau þrjú börn: Maríu Mörtu f. 1955, Kristínu f. 1957 og Jón Ásgeir f. 1959. Barnabörnin eru 10 talsins og barnabarnabörnin 24.

Einar lauk landsprófi frá Borgarfirði og sat í MR 1952 til 1953. Hann vann ýmis störf þar til hann lauk grunnnámi í flugumferðarstjórn síðari hluta árs 1955. Eftir grunnnámið hóf Einar störf hjá Flugmálastjórn Íslands og varð starfsvettvangur hans að mestu í flugstjórnarmiðstöðinni, en sinnti jafnframt ýmsum öðrum störfum er tengdust aðalstarfi hans. Hann varð eftirlitsmaður flugumferðarþjónstu á árunum 1982-1986 og yfirflugumferðarstjóri þjálfunar-, eftirlits- og skipulagssvið þar til hann varð framkvæmdastjóri flugumferðarþjónustu árin 1992-1995. Einar var mjög virkur á alþjóðavettvangi flugmála, sótti ýmis starfstengd námskeið og sat í fjölmörgum alþjóðanefndum, m.a. á sviði flugöryggis auk þess að sinna störfum fyrir NATO. Eftir að Kosovo-stríðinu lauk var Einar fenginn af utanríkisráðuneytinu til að útbúa flugreglur fyrir flugvöllinn í Pristína í Kosovo. Var það liður í að gera flugvöllinn að borgaralegum alþjóðaflugvelli.

Einar var ötull útivistarmaður og fór reglulega með Unu og börnunum norður til Siglufjarðar og inn í Fljót, en í landi Efra Haganess reisti fjölskyldan sér sumarhúsið Birkilund, unaðs- og sælureit, sem var Einari einkar kær. Einnig stundaði hann með fjölskyldunni, vinum og kunningjum stangveiði og jeppaferðir um



hálendið, svo og ferðir utanlands á skíði og í sólina.

Einar gekk í St. Jóh.st. Eddu þann 30. 1.1968. Frá árinu 1972 gegndi hann embættum í St. Andr.st. Helgafelli sem v.Sm., Sm., v.Stm. og að lokum Stm. stúkunnar á árunum 1990-1996. Í Landstúkunni gegndi hann embættum y.Y.Stv., y.St.Stv. og St.Stú.M. á árunum 1996 til 2005. Einar var útnefndur R&K árið 1998, tók við embætti YAR 2005 og setu í ÆR. Embætti DSM gegndi hann 2007-2010. Kjörorð Einars var: JAHVE ER MINN HIRÐIR.

Að loknum formlegum starfsdegi að flugmálum á tímamótum þegar margir hefðu fagnað því að setjast í helgan stein, tók Einar til starfa að fullum krafti á aðalskrifstofu

Reglunnar. Hann hóf vinnu að útgáfu síðabálka fyrir allar stúkurnar og útgáfu á Leiðbeiningum fyrir embættismenn. Nákvæmnin við þessa vinnu var síst minni en við gerð öryggisleiðbeininga í fluginu. Þessa góða starfs munum við bræður njóta um ókomin ár.

Einar var léttur í lund, en fastur fyrir ef því var að skipta. Hann var mjög mannglöggur og minnugur á nöfn manna. Á förnum vegi og á mannamótum var jafnan stutt í hlýlegt brosið og léttá skemmtisögu.

Frímúrarareglan á Íslandi þakkar bróður Einari samfylgdina og sendir frá Unu og fjölskyldunni innilegar samúðarkveðjur.

Kristján Jóhannsson, YAR

In memoriam

Látnir bræður

3. nóvember 2017 – 1. nóvember 2018

Albert Wathne, – Edda X
F.21.02.1931 D. 08.05.2018

Árni Guðmundsson, Fjölur IX
F.19.01.1955 D. 20.09.2018

Árni Ísleifsson – Edda X
F.18.09.1927 D. 27.10.2018

Ásgeir S. Ásgeirsson, Edda X
F.24.03.1934 D.23.10.2018

Benedikt Hans Alfonsson, Edda IX
F.25.08.1928 D.29.09.2018

Berent Theodór Sveinsson, Gimli X
F.21.08.1926 D.29.07.2018

Bjarni S. Hákonarson, Gimli VIII
F.27.02.1932 D.14.10.2018

Björgúlfur Andrússon, Glitnir X
F.03.02.1946 D.27.05.2018

Bragi Þorsteinsson, Röðull X
F.03.07.1935 D.12.09.2018

Brynleifur Steingrímsson, Röðull IX
F.14.09.1929 D.24.04.2018

Daníel Guðbrandsson, Gimli III
F. 19.05.1961 D.05.10.2018

Einar Einarsson, Edda R&K
F.21.03.1934 D.04.08.2018

Einar Þ. Guðmundsson, Edda X
F.05.06.1931 D.07.01.2018

Finnbjörn Þorvaldsson, Edda X
F.25.05.1924 D.09.07.2018

Geir Reynir Tómasson, Edda X
F.24.06.1916 D.16.08.2018

Guðlaugur Hjörleifsson, Edda X
F.23.07.1931 D.03.01.2018

Guðmundur Garðarsson, Rún VIII
F.10.10.1964 D.27.01.2018

Gunnar Árnason, Rún X
F.26.09.1924 D.21.03.2018

Gunnar Helgi Guðmundss, Glitnir VIII
F.20.10.1943 D.16.02.2018

Gunnlaugur Skúlason, Röðull X
F.10.06.1933 D.19.11.2017

Gylfi Kristinn Matthíasson, Gimli III
F.03.01.1946 D.01.10.2018

Hafsteinn Jóhannesson, Röðull X
F.28.12.1950 D.12.02.2018

Halldór Skaftason, Gimli X
F.26.02.1942 D.25.08.2018

Haukur Sveinbjarnarson, Mímir X
F.09.11.1928 D.31.10.2018

Helgi Oddsson, Mímir III
F.14.01.1939 D.11.01.2018

Hreinn Jónasson, Gimli X
13.10.1933 D.20.02.2018

Ingimundur B. Sigfússon, Mímir X
F.13.01.1938 D.20.03.2018

Ingvar Baldursson, Röðull X
F.21.03.1943 D.15.10.2018

Ívar Daníelsson, Edda IX
F.18.07.1920 D.14.11.2017

Jóhann Georg Möller, Mímir IX
F.18.04.1934 D.22.03.2018

Jóhannes S. Magnússon, Hamar IX
F.15.02.1925 D.18.01.2018

Jóhannes H. Ögmundsson, Edda VI
F.08.07.1930 D.01.02.2018

Jón Gunnar Júlíusson, Glitnir IX
F.15.10.1934 D.07.06.2018

Jón Skúli Þórisson, Mímir X
F.16.07.1931 D.31.08.2018

Kristján Runólfsson, Röðull IX
F.05.07.1956 D.17.10.2018

Lúðvig Alfreð Halldórsson, Akur X
F.07.12.1932 D.19.09.2018

Már Magnússon, Glitnir IX
F.27.12.1943 D.13.02.2018

Ólafur Kjartansson, Edda R&K
F.25.07.1928 D.01.01.2018

Ólafur Ragnar Magnússon, Edda X
F.15.08.1924 D.10.08.2018

Ólafur Pálsson, Hamar X
F.07.09.1929 D. 27.03.2018

Óskar Áskell Sigurðsson, Edda IX
F.17.11.1956 D.03.10.2018

Reynir Jónsson, Rún IX
F.02.12.1938 D.26.01.2018

Sigmundur Guðmundsson, Edda X
F.07.05.1928 D.08.07.2018

Sigurbjörn Ólafur Kristinsson, Edda X
F.12.07.1927 D.17.06.2018

Sigurður Baldvinsson, Hamar IX
F.09.04.1938 D.24.04.2018

Sigurjón Þórmundsson, Edda X
F.25.07.1953 D.09.02.2018

Sigurlás Þorleifsson, Hlér VIII
F.15.07.1957 D.24.04.2018

Steinarr Guðjónsson, Edda X
F.01.12.1933 D.04.11.2017

Steingrímur Sv. Eiríksson, Gimli X
F.08.02.1951 D.14.01.2018

Sveinbjörn Sigtryggsson, Edda IV-V
F.03.10.1930 D.01.08.2018

Sverrir Bergmann, Gimli IX
F.03.12.1920 D.08.04.2018

Tómas Sæmundsson, Edda IX
F.15.04.1936 D.12.09.2018

Úlfar Eysteinnsson, Hamar III
F.23.08.1947 D.10.10.2018

Þorlákur Ásgeirsson, Gimli VIII
F.04.12.1935 D.30.01.2018

Þorsteinn Skúli Bjarnason, Hamar X
F.19.06.1927 D.17.02.2018

Þorvaldur Ragnarsson, Njörður X
F.19.11.1933 D.08.01.2018

Þórarinn Friðjónsson, Edda X
F.16.04.1938 D.01.07.2018

Örn Pálsson, Glitnir IX
F.11.12.1948 D.02.04.2018



A Faktoring

Rekstrarfjármögnun fyrir fyrirtæki



Otto B. Arnar ehf.

www.oba.is

Stálhúsgögn

REGALO



THG ARKITEKTAR



Fjarðargötu 1, Seyðisfirði
Sími 472 1300



www.bolholt.com



www.eskja.is



www.alnabaer.is



Fullbúið netbókhald fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki



Alþjóða raflagnir • heimilistækni
Sportvörur • Gjöfuvörur • Skólavörur
Hafnarvísi 2 • 250 Gardi
Sími 422 7103 • GSM 892 8812 • tölvupóstur: ragn@centrum.is



Hraun 3
730 Reyðarfjörður
Sími 414 9400
launafi.is

BLUE LAGOON
ICELAND



BÍLAMÁLUN & RÉTTINGAR
Sími 421 2999 • www.nysprautun.is

KORTA

VISA MasterCard



www.kjarnafaedi.is



www.banar.is



www.ekran.is



HS ORKA HF
www.hsorka.is





ORMSSON



VALITOR



Íbenholt ehf

Bílaverkstæði
Muggs

Strandvegi 65, Vestmannaeyjum
Sími 481 2513



málarinn.is
Málarinn Jón Hrafn ehf.

BETRI BÍLAR ehf.
BÍLAVERKSTÆÐI

ÞJÓNUSTA FYRIR
VOLKSWAGEN • SKODA • MITSUBISHI

JÓNATANSSON&CO
Lögfræðistofa ehf


SUBURLANDSBRÁUT 6 / Sími 533 3434 / www.jonatansson.is

MANNVERK
FRAMKVÆMDIR
OG RÁÐGJÖF

 <p>www.hjonsson.is</p>	 <p>www.quorum.is</p>	 <p>www.pacta.is</p>
 <p>lakehotel.is</p>		
 <p>www.iec.is</p>		 <p>LÁSHÚSID EHF. Sími 557 5100 / Fax 557 5010 Bíldshöfða 16 / 110 Reykjavík lashusid@lashusid.is</p>
 <p>www.lyra.is</p>	 <p>www.marport.com</p>	 <p>www.mularadio.is</p>

Sérhæfum okkur í hreinsun á öllum betri fatnaði

Hvítum skyrtur, vesti og slaufur



EFNALAUG GARÐABÆJAR

Garðatorgi 3, Garðabæ

Ókeypis lyfjaskömmun fyrir bræður og systur

- Ekkert skömmunargjald
- Inniheldur öll lyf og bætiefni eftir þínum þörfum
- Aðstoðum við endurnýjun á lyfseðlum
- Veitum aðstoð við að færa lyfjaskömmun til Borgar Apóteks

Kynntu þér málið í síma 553-8331



Borgar Apótek

- Þín vegna

Borgartún 28, 105 Reykjavík Opið virka daga frá 8 - 18

Minjasafn Reglunnar

Hamrar stólvarða keyptir í skyndi



Flestir þekkja byrjunarerfiðleika og jafnvel margvísleg orðatiltæki tengd þeim, eins og fall er fararheill o.s.frv.

Þegar við um þessar mundir minnumst með ýmsum hætti þess að öld er liðin frá upphafi fullgilds stúku-

starfs á Íslandi er gott að minnast þess, að þótt maður vandi vel til alls, þá getur engu að síður sitthvað farið úrskeiðis. Þannig var þegar Eddubræður tóku sín fyrstu skref til stúkustarfs á árinu 1918.

Minjasafn Reglunnar varðveitir steinhamar, sem notaður var við upphaf starfs Eddubræðra. Um þennan grip segir bróðir Sveinn Kaaber svo í sýningarskrá safnsins:

„Steinhamar, sem notaður var 1918, þegar Edda var fræðslustúka. Stólverðir notuðu tvo slíka hamra. Seinna var hann hafður til skrauts í turnherberginu í N. og O. húsinu. Þessi steinhamar var keyptur í skyndi hjá Ziemsen 1918 þegar átti að setja fund í Eddu. Þá var búið að kaupa forlata fínan flabeinshamar handa Stólmeistara stúkunnar, en það vantaði tvo hamra handa yngri og eldri stólverði. Þá var þetta ráð tekið að þessir tveir hamrar voru keyptir hjá Ziemsen handa þeim. En annar er brotinn, hann er að vísu til ennþá, og hinn er eftir sem minjagripur hjá okkur.“

Því má segja með sann að orðatiltækið „Fall er fararheill“ á vel við þennan hamraskort, sem svo snarlega var leyst úr fyrir rúmum hundrað árum því Edda starfar enn og hefur líklega aldrei verið öflugri en nú, komin á annað hundrað ára aldur!

Veitingahúsið
Lauga-ás
Stofnað 1979

*Velkomin
í Lauga-ás*

Við leggjum sérstaka áherslu á að hafa á boðstólum ferskasta hráefni sem völ er á hverju sinni. Við erum þekkt fyrir fiskrétti okkar, fjölbreytni í matargerð og að bjóða rétti sem almennt eru ekki á markaðnum.

**Minningarkort
bræðranefndar
fást á [www.
frmr.is](http://www.frmr.is)**



Ljósmyndasafn Reglunnar

Bókaverðir Reglunnar

Innan Frímúrarareglunnar fer fram umfangsmikið innra starf í þágu Bræðranna og er það skráð eins og frekast er kostur með ljósmyndun af viðkomandi viðburði samkvæmt reglum þar um. Sú starfsemi er í umsjón

Ljósmyndasafns Reglunnar sem varðveitir mikið safn mynda í gagnagrunni. Að þessu sinni birtum við myndir frá Ljósmyndasafninu sem teknar voru árið 2015-2017 af bókavörðum Reglunnar. Slíkar hóp-

myndir eru teknar reglulega á hverju starfsári og eru mikilvæg heimild um þá bræður sem standa á bak við hina mikilvægu innri starfsemi sem fram fer í Frímúrarareglunni.



Embættismenn Bókasafns Frímúrarareglunnar á Íslandi 2016-2017. (Tekið á jóla kvöldverði bókavörða). Sitjandi frá vinstri: Steingrímur V. Björgvinsson, Aðalsteinn J. Þorbergsson, Gunnlaugur Claessen STR, Trausti Laufdal Jónsson Bv.R., Einar Einarsson, Kjartan Ólafsson, Karl Harry Sigurðsson. Standandi frá vinstri: Sigurður Már Guðjónsson, Ólafur Friðrik Ægisson, Helgi Victorsson, Guðmundur Ágústsson, Pétur Kristjánsson, Pétur Ingimundarson, Markús Hermann Pétursson, Jón Stefán Karlsson, Sigurjón Símonarson, Helgi Magnússon.



Embættismenn Bókasafns Frímúrarareglunnar á Íslandi 2015-2016. (Tekið á jóla kvöldverði bókavörða). Sitjandi frá vinstri: Helgi Victorsson, Aðalsteinn J. Þorbergsson, Gunnlaugur Claessen STR, Trausti Laufdal Jónsson Bv.R., Pétur Kjartan Eyrason YAR, Steingrímur V. Björgvinsson, Stefán Óskar Aðalsteinsson. Standandi frá vinstri: Sigurður Már Guðjónsson, Ólafur Friðrik Ægisson, Sæmundur Heimir Guðmundsson, Elías Kristjánsson, Markús Hermann Pétursson, Pétur Kristjánsson, Leifur Albert Ísaksson, Karl Gunnarsson, Karl Harry Sigurðsson



ALLT HEFST MED

NESCAFÉ®

Bráðir.is



Vefverslun með vörur fyrir bræður